



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

15. febrúar 2019

Mál nr. S-444/2018:
Ákærandi: Héraðssaksóknari
(*Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari*)

Ákærðu: Kjartan Jónsson,
(*Jónas Fr. Jónsson lögmaður*)
X
(*Reimar Snæfells Pétursson lögmaður*)
Kjartan Bergur Jónsson og
(*Grímur Sigurðarson lögmaður*)
Fastrek ehf.
(*Reimar Snæfells Pétursson lögmaður*)

Dómarar: Sigríður Hjaltsted héraðsdómari
Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari
Hreggviður Ingason fjármálastærðfræðingur

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 2019 í máli nr. S-444/2018:

Ákærvaldið

(Finnur Þór Vilhjálmsson saksóknari)

gegn

Kjartani Jónssyni,

(Jónas Fr. Jónsson lögmaður)

X,

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

Kjartani Bergi Jónssyni og

(Grímur Sigurðarson lögmaður)

Fastreki ehf.

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

Mál þetta, sem dómtekið var 24. janúar 2019, var höfðað með ákæru héraðssaksóknara, dags. 8. júní 2018, á hendur:

„Kjartani Jónssyni, kt. 000000-0000, [...] í Reykjavík,

X, kt. 000000-0000, [...],

Kjartani Bergi Jónssyni, kt. 000000-0000, [...] í Reykjavík

og

Fastrek ehf., kt. 000000-0000, [...] í Reykjavík

(fyrirsvarsmaður: ákærði X)

fyrir eftirfarandi brot gegn lögum um verðbréfaviðskipti og til upptöku ávinnings samkvæmt ákvæðum sömu laga og almennra hegningarlaga:

I

Á hendur ákærða Kjartani fyrir innherjasvik og ákærða X fyrir innherjasvik, en til vara hlutdeild í innherjasvikum, í október og nóvember 2015:

Aðallega fyrir innherjasvik með því að ákærði X keypti og nýtti, í nafni VIP Travel ehf., kt. 000000-0000 (nú meðákærða Fastrek ehf.), tvær afleiður samkvæmt samningum við Landsbankann hf., annars vegar skiptasamningi nr. 5153659, dags. 8. október 2015, og hins vegar kaupréttarsamningi nr. 5159411, dags. 14. s.m., sem byggðar voru á verðþróun hlutabréfa í Icelandair Group hf., kt. 000000-0000, á þann

hátt að VIP Travel ehf. gat hagnast á hækkun hlutabréfanna, þrátt fyrir að búa yfir innherjaupplýsingum sem ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., lét honum í té. Þær vörðuðu einkum að væntanlegt væri gott uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung 2015, en félagið birti slíkt uppgjör 29. október s.á., og að flutningatölur félagsins fyrir sama mánuð yrðu góðar, en þær tölur voru birtar 6. nóvember s.á.

Frá 8. október til 3. nóvember 2015 hækkaði dagslokagengi hlutabréfa Icelandair Group hf. í íslensku kauphöllinni úr 31,25 í 34,1. Ákærði X innleysti hagnað af kaupréttarsamningnum að morgni 3. nóvember 2015 með því að nýta á grundvelli hans kauprétt að 5.000.000 hlutum í Icelandair Group hf. á samningsgenginu 32,05 og selja bréfin síðar sama dag gegnum kauphöll á genginu 34, hvort tveggja fyrir reikning VIP Travel ehf. Viðskiptin voru gerð upp 5. nóvember með greiðslu og skuldfærslu Landsbankans hf. á bankareikning VIP Travel ehf. Brúttóhagnaður VIP Travel ehf. af viðskiptunum var 9.750.000 krónur en nettóhagnaður 4.672.850 krónur. Skiptasamningurinn hafði lokadag 5. nóvember og var gerður upp 9. nóvember með greiðslu Landsbankans hf. að fjárhæð 3.870.614 krónur til VIP Travel ehf. Samanlagður hagnaður sem VIP Travel ehf. naut af þessum tvennum viðskiptum var þannig 13.620.614 krónur brúttó eða 8.543.464 krónur nettó.

Til vara eru ákærða Kjartani gefin að sök innherjasvik og ákærða X hlutdeild í innherjasvikum með því að ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., ráðlagði eða hvatti ákærða X á grundvelli fyrrnefndra innherjaupplýsinga varðandi félagið til að eiga framangreind viðskipti með afleiður byggðar á verðþróun hlutabréfa þess. Eftir að innherjasvikabrot ákærða Kjartans var þannig fullframið átti ákærði X, samkvæmt ráðleggingu eða hvatningu ákærða Kjartans, framangreind afleiðuviðskipti í nafni VIP Travel ehf. með þeim hagnaði fyrir félagið sem áður greindi.

II

Á hendur ákærða Kjartani fyrir innherjasvik og ákærða X fyrir innherjasvik, en til vara hlutdeild í innherjasvikum, í júlí 2016:

Aðallega fyrir innherjasvik með því að ákærði X keypti og nýtti, í nafni VIP Travel ehf., kt. 000000-0000 (nú meðákærða Fastrek ehf.), sölurétt samkvæmt valréttarsamningi nr. 5465327 við Landsbankann hf., dags. 26. júlí 2016, sem byggði á verðþróun hlutabréfa Icelandair Group hf., kt. 000000-0000, á þann hátt að VIP Travel ehf. gat hagnast á lækkun þeirra, þrátt fyrir að búa yfir innherjaupplýsingum sem ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., lét honum í té. Þær vörðuðu uppgjör félagsins fyrir annan ársfjórðung 2016 sem birt var degi síðar, 27. júlí s.á., en

með því var meðal annars tilkynnt um að afkomuspá félagsins fyrir árið 2016 hefði verið lækkuð.

Frá 26. til 28. júlí 2016 lækkaði dagslokagengi hlutabréfa Icelandair Group hf. í íslensku kauphöllinni úr 30,8 niður í 27,9. Ákærði X innleysti hagnað af valréttarsamningnum að morgni 28. júlí með því að kaupa gegnum kauphöll fyrir reikning VIP Travel ehf. samtals 2.500.000 hluti í Icelandair Group hf. á meðalgenginu 27,37 og nýta svo sölurétt VIP Travel ehf. til Landsbankans að sömu hlutum á samningsgenginu 31,15. Viðskiptin voru gerð upp 2. ágúst s.á. með greiðslu og skuldfærslu Landsbankans hf. á bankareikning VIP Travel ehf. Hagnaður sem VIP Travel ehf. naut af viðskiptunum var 9.450.000 krónur brúttó eða 7.609.350 krónur nettó.

Til vara eru ákærða Kjartani gefin að sök innherjasvik og ákærða X hlutdeild í innherjasvikum með því að ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., ráðlagði eða hvatti ákærða X á grundvelli fyrrnefndra innherjaupplýsinga varðandi félagið til að eiga framangreind viðskipti með valrétt byggðan á verðþróun hlutabréfa þess. Eftir að innherjasvikabrot ákærða Kjartans var þannig fullframið átti ákærði X, samkvæmt ráðleggingu eða hvatningu ákærða Kjartans, framangreind afleiðuviðskipti í nafni VIP Travel ehf. með þeim hagnaði fyrir félagið sem áður greindi.

III

A

Á hendur ákærða Kjartani fyrir innherjasvik og ákærða X fyrir innherjasvik, en til vara hlutdeild í innherjasvikum, í janúar og febrúar 2017:

Aðallega fyrir innherjasvik með því að ákærði X keypti og nýtti, í nafni VIP Travel ehf., kt. 000000-0000 (nú meðákærða Fastrek ehf.) sölurétt samkvæmt valréttarsamningi nr. 6379898-1 við Landsbankann hf., dags. 27. janúar 2017, sem byggði á verðþróun hlutabréfa Icelandair Group hf., kt. 000000-0000, á þann hátt að VIP Travel ehf. gat hagnast á lækkun þeirra, þrátt fyrir að búa yfir innherjaupplýsingum sem ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., lét honum í té. Þær vörðuðu afkomuviðvörðun félagsins sem birt var 1. febrúar s.á., eða upplýsingar í henni, en með henni var meðal annars tilkynnt um aukna óvissu varðandi skammtímahorfur félagsins, breytingu á bókunarflæði Icelandair til hins verra og að gert væri ráð fyrir verulegri lækkun á afkomu (EBITDA) félagsins árið 2017.

Frá 27. janúar til 1. febrúar 2017 lækkaði dagslokagengi hlutabréfa Icelandair Group hf. í íslensku kauphöllinni úr 22,8 niður í 16,8. Ákærði X innleysti hagnað af valréttarsamningnum að morgni 1. febrúar með því að kaupa gegnum kauphöll fyrir reikning VIP Travel ehf. samtals 5.000.000 hluti í félaginu á meðalgenginu 17,3428 og nýta svo sölurétt VIP Travel ehf. til Landsbankans hf. að sömu hlutum á samningsgenginu 23. Viðskiptin voru gerð upp 6. febrúar s.á. með greiðslu og skuldfærslu Landsbankans hf. á bankareikning VIP Travel ehf. Hagnaður sem VIP Travel ehf. naut af viðskiptunum var 28.286.000 krónur brúttó eða 24.920.858 krónur nettó.

Til vara eru ákærða Kjartani gefin að sök innherjasvik og ákærða X hlutdeild í innherjasvikum með því að ákærði Kjartan, fruminnherji í Icelandair Group hf., ráðlagði eða hvatti ákærða X á grundvelli fyrrnefndra innherjaupplýsinga varðandi félagið til að eiga framangreind viðskipti með valrétt byggðan á verðþróun hlutabréfa þess. Eftir að innherjasvikabrot ákærða Kjartans var þannig fullframið átti ákærði X, samkvæmt ráðleggingu eða hvatningu ákærða Kjartans, framangreind afleiðuviðskipti í nafni VIP Travel ehf. með þeim hagnaði fyrir félagið sem áður greindi.

B

Á hendur ákærða X fyrir innherjasvik og ákærða Kjartani Bergi fyrir hlutdeild í innherjasvikum í janúar og febrúar 2017 með því að ákærði X ráðlagði eða hvatti ákærða Kjartan Bergur, á grundvelli sömu innherjaupplýsinga varðandi Icelandair Group hf. og ákærði X bjó yfir samkvæmt lið A í þessum ákærukafla, til að kaupa eins valrétt og ákærði X gerði í nafni VIP Travel ehf. samkvæmt lið A í þessum ákærukafla. Eftir að innherjasvikabrot ákærða X var þannig fullframið keypti ákærði Kjartan Bergur í eigin nafni 30. janúar 2017, samkvæmt ráðleggingu eða hvatningu ákærða Kjartans, sölurétt samkvæmt valréttarsamkomulagi við Arion banka hf. sem byggði á verðþróun hlutabréfa Icelandair Group hf. á þann hátt að hann gat hagnast á lækkun þeirra, og nýtti þann sölurétt tveimur dögum síðar, 1. febrúar s.á., sér til hagnaðar, líkt og nánar greinir hér á eftir.

Frá 30. janúar til 1. febrúar 2017 lækkaði dagslokagengi hlutabréfa Icelandair Group hf. í íslensku kauphöllinni úr 22,025 niður í 16,8. Ákærði Kjartan Bergur innleysti hagnað af valréttarsamkomulaginu að morgni 1. febrúar með því að kaupa gegnum kauphöll 5.000.000 hluti í félaginu á genginu 17,75 og nýta svo sölurétt sinn til Arion banka hf. að sömu hlutum á samningsgenginu 22,3285. Viðskiptin voru gerð upp 6. febrúar s.á. með greiðslu Arion banka hf. að fjárhæð 22.673.125 krónur inn á

bankareikning ákærða Kjartans Bergs. Hagnaður sem hann naut af viðskiptunum var 22.892.500 krónur brúttó en 20.158.668 krónur nettó.

IV

Brot ákærða Kjartans samkvæmt ákæruköflum I, II og III-A teljast varða við 2. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. 3. tl. 146. gr. sömu laga, en til vara við 3. tl. 1. mgr. 123. gr. sömu laga, sbr. 3. tl. 146. gr. laganna.

Brot ákærða X samkvæmt ákæruköflum I, II og III-A teljast varða við 1. tl. 1. mgr., sbr. 1. tl. 2. mgr., 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. 3. tl. 146. gr. sömu laga, en til vara við 3. tl. 1. mgr., sbr. 1. tl. 2. mgr., 123. gr. sömu laga, sbr. 3. mgr. 147. gr. sömu laga, sbr. 4. og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. tl. 146. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Brot ákærða X samkvæmt ákærukafla III-B telst varða við 3. tl. 1. mgr., sbr. 2. tl. 2. mgr., 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. 3. tl. 146. gr. sömu laga.

Brot ákærða Kjartans Bergs samkvæmt ákærukafla III-B telst varða við 3. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sbr. 3. mgr. 147. gr. sömu laga, sbr. 4. og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. tl. 146. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

V

Krafist er upptöku á eftirfarandi eignum ákærðu samkvæmt 2. mgr. 147. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og ákvæðum VII. kafla A almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 69. gr. og 69. gr. b. – d.:

A

Ákærði Kjartan sæti upptöku á samtals 6.980.000 íslenskum krónum, 12.700 Bandaríkjadöllum, 60.000 japönskum jenum og 2.500 evrum, auk áfallinna vaxta til upptökudags, sem embætti héraðssaksóknara lagði hald á við rannsókn málsins, annars vegar samtals 3.062.000 íslenskar krónur og fyrrgreindan erlendan gjaldeyri sem allt var haldlagt í reiðufé við húsleit embættisins [...] 2017 á heimili hans að [...] í Reykjavík og hins vegar 3.918.000 krónur sem haldlagðar voru af bankareikningi hans nr. [...] hjá Arion banka hf. með ákvörðun embættis héraðssaksóknara, dags. 29. s.m.

B

Ákærða Fastrek ehf. sæti upptöku á 51.356.614 krónum, en til vara 41.073.672 krónum, sem teljast hluti af andvirði fasteigna félagsins að Dyngjuvegi 14 í Reykjavík, fnr. 202-0183, og [...] í Reykjavík, fnr. [...].

C

Ákærði X sæti upptöku á samtals 268.000 íslenskum krónum, 900 norskum krónum, 4.500 dönskum krónum, 95 Bandaríkjadöllum, 115 evrum, 555 sterlingspundum og 775 Kanadadöllum, auk áfallandi vaxta til upptökudags, sem allt var haldlagt í reiðufé við húsleit embættis héraðssaksóknara [...] 2017 á heimili hans að [...] í Reykjavík.

D

Ákærði Kjartan Bergur sæti upptöku á 22.892.500 krónum, en til vara 20.161.168 krónum, sem eru annars vegar samtals 1.310.000 íslenskar krónur og andvirði 3.085 evra og 220 Bandaríkjadala í íslenskum krónum á upptökudegi, auk áfallinna vaxta til upptökudags, er allt var haldlagt í reiðufé við húsleit embættis héraðssaksóknara [...] 2017 á heimili hans að [...] í Reykjavík en teljast hins vegar að eftirstöðvum hluti af andvirði fasteignar hans að [...] í Reykjavík, fnr. [...].“

Í ákæru eru raktar röksemdir sem málsóknin er byggð á með vísan til d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála. Verður vikið að þeim eftir því sem ástæða þykir til.

Með framhaldsákæru dagsettri 27. júní 2018 voru gerðar leiðréttingar á augljósri villu í ákærukafla III B. Þá var með framhaldsákæru, dagsettri 21. september 2018, gerð breyting á upptökukröfu í V. kafla D gagnvart ákærða Kjartani Bergi Jónssyni eins og nánar greinir í IV. kafla. Þá féll ákæruvaldið frá upptökukröfu á hendur ákærða X Jósteinssyni samkvæmt V. kafla C. Jafnframt féll ákæruvaldið frá upptökukröfu á hendur Kjartani Bergi að því er laut að erlendum gjaldeyri.

Verjandi ákærða Kjartans Jónssonar krefst þess að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa og að hún verði bundin skilorði. Þá krefst hann þess að kröfu um eignaupptöku verði hafnað. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærðu X og Fastreks ehf. gerir þær kröfur að ákærðu verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst hann málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Verjandi ákærða Kjartans Bergs gerir þær kröfur að ákærði verði sýknaður en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Þá krefst hann þess að

upptökukröfu verði hafnað. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

I.

Tildrög máls þessa má rekja til kæru Fjármálaeftirlitsins til Héraðssaksóknara 10. mars 2017 á hendur ákærðu fyrir innherjasvik vegna viðskipta með fjármálagerninga tengd hlutabréfum Icelandair Group hf. Í kærinni er gerð grein fyrir upphafi rannsóknar Fjármálaeftirlitsins sem má rekja til tveggja ábendinga um grunsamlega valréttarsamninga með hlutabréf Icelandair Group hf., annars vegar frá Arion banka hf. þann 15. febrúar 2017 sem ákærði Kjartan Bergur Jónsson hafði gert og hins vegar frá Landsbankanum 16. febrúar 2017 sem ákærði X, framkvæmdastjóri VIP Travel ehf. (síðar Fastrek ehf.), keypti fyrir hönd félagsins. Í báðum tilvikum hafi verið keyptur söluréttur á 5 milljónum hlutabréfa í Icelandair Group hf. skömmu áður en félagið birti neikvæða afkomuviðvörðun sem leiddi til þess að hlutabréf félagsins féllu mikið í verði. Ákærðu nýttu báðir sölurétt sinn nokkrum dögum eftir að afkomuviðvörðunin var birt og högnuðust á þeim viðskiptum.

Rannsókn Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós tengsl á milli ákærðu annars vegar og félagsins VIP Travel ehf. hins vegar en veitinga- og skemmtistaður er tengdist félaginu var rekinn í húsnæði í eigu ákærða Kjartans Bergs í [...].

Þá leiddi rannsóknin í ljós samskipti á milli X og Kjartans Jónssonar, forstöðumanns leiðakerfisstjórnar og fruminnherja hjá Icelandair ehf., skömmu fyrir framangreind viðskipti X.

Í kæru Fjármálaeftirlitsins er gerð ítarleg grein fyrir framvindu rannsóknarinnar sem leiddi til þeirrar niðurstöðu að talinn var rökstuddur grunur fyrir hendi um að X hefði nýtt innherjaupplýsingar frá Kjartani til að hagnast á viðskipum eða skiptasamningum og valrétti með hlutabréf Icelandair Group hf. frá október 2015 til 1. febrúar 2017 þrátt fyrir að hafa búið yfir innherjaupplýsingum sem ekki voru kunnar almennum fjárfestum. Þá taldi Fjármálaeftirlitið að X hefði í janúar 2017 deilt þeim innherjaupplýsingum með Kjartani Berg, sem einni nýtti sér upplýsingarnar til að eiga viðskipti með valrétt á hlutabréf Icelandair Group hf.

Tvær viðbótarkærur Fjármálaeftirlitsins bárust Héraðssaksóknara, 1. júní 2017 og 21. september 2017. Í kærnum er gerð grein fyrir rannsókn embættisins er vörðuðu m.a. viðskipti ákærðu X fyrir hönd VIP Travel ehf. og ákærða Kjartans vegna viðskipta með hlutabréf gefin út af Icelandair Group hf. á nánar tilgreindum tímabilum. Ákæra í máli þessu lýtur ekki að þeim viðskiptum.

Undir rannsókn málsins var ákærði Kjartan Jónsson yfirheyrður í kjölfar handtöku [...] 2017. Þá var hann boðaður til skýrslutöku 24. nóvember 2017 en kaus

þá að nýta sér rétt sinn til þess að tjá sig ekki. Ákærði X gaf skýrslu 26. maí 2017 og 29. maí 2017. Hann var boðaður til skýrslutöku þann 24. nóvember 2017 en við það tækifæri var lögð fram yfirlýsing hans þess efnis að hann neiti sök í málinu og hyggðist ekki svara frekari spurningum lögreglu í tengslum við rannsókn málsins. Ákærði Kjartan Bergur Jónsson var yfirheyrður tvisvar undir rannsókn málsins, 29. maí 2017 og 27. nóvember 2017.

II.

Ákærði Kjartan Jónsson var ráðinn til Icelandair ehf. árið 2004 en félagið er eitt níu dótturfélaga Icelandair Group hf. Hann var forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar frá árinu 2007 og gegndi starfinu á þeim tíma er ákæra máls þessa tekur til. Var hann á því tímabili skráður fruminnherji hjá félaginu sem er útgefandi hlutabréfa í kauphöll Nasdag OMX á Íslandi.

Ákærði X var stofnandi, framkvæmdastjóri og prókúruhafi félagsins VIP Travel ehf. Samkvæmt vottorði úr fyrirtækjaskrá var hann eini starfandi stjórnarmaður félagsins frá stofnun þess á árinu 2013 og fram til 26. júlí 2016 en þá var faðir hans skráður stjórnarmaður í félaginu. Eiginkona ákærða hefur frá upphafi verið varamaður í stjórn félagsins. Ákærði var skráður eigandi félagsins samkvæmt ársreikningum fyrir rekstrarárin 2013 og 2014. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2015 var D eigandi þess en eiginmaður hennar E var skráður varaskoðunarmaður fram til ársins 2015. Samkvæmt ársreikning 2016 var félagið skráð í eigu félagsins Neostar.

Fyrir liggur að X og Kjartan hafa verið vinir allt frá barnsaldri en sá fyrrnefndi og Kjartan Bergur Jónsson hafa verið vinir um árabíl.

III.

Ákærði Kjartan Georg átti á tímabili ákæru frá 8. október 2015 til 27. janúar 2017 viðskipti með afleiðusamninga sem, eins og nafnið gefur til kynna, eru samningar sem leiða verðmæti sitt af annarri undirliggjandi eign. Í tilfelli ákærða var þessi undirliggjandi eign hlutabréf Icelandair Group hf. Afleiðusamningur gefur aðilum samningsins möguleika á skjótfengnum gróða, þar sem kaup- eða sölugeta, svokölluð „gírun“ þess sem kaupir samninginn getur verið margföld á við að fjárfesta beint í undirliggjandi eign. En á móti getur tapið verið jafn bratt. Afleiðusamningar eru því oft notaðir annað hvort til þess að draga úr áhættu eða til þess að veðja á gengisþróun.

Fyrsti samningur ákærða var skiptasamningur, þar sem ákærði og mótaðili hans, sem í því tilfelli var Landsbankinn, skuldbundu sig til þess að skiptast á hlutabréfum og reiðufé á fyrir fram ákveðnum degi í framtíðinni og á fyrir fram ákveðnu gengi. Virði samningsins á lokadegi tók mið af gengi Icelandair Group hf. á þeim degi og hvort það var hærra eða lægra en gengið sem ákveðið var í samningnum. Í tilfelli skiptasamnings ákærða var gengi Icelandair Group hf. hærra á lokadegi og naut ákærði því hagnaðar sem nam mismun þess og samningsgengi.

Þeir afleiðusamningar sem ákærði keypti í kjölfarið voru valréttarsamningar, nánar tiltekið kaupréttarsamningar og söluréttarsamningar, þar sem mótaðilinn var einnig Landsbankinn. Hvoru tveggja eru samningar þar sem eigandi hefur rétt til að nýta samninginn á lokadegi hans, en ber ekki skylda til þess. Fer það eftir því hvort samningurinn sé í hagnaði fyrir viðkomandi eða ekki, hvort hann er nýttur. Í tilfelli kaupréttarsamninganna hafði ákærði rétt til að kaupa á fyrirframákveðnu gengi á lokadegi. Ef virði undirliggjandi eignar á þeim degi var hærra en samningsgengi þá gat ákærði nýtt samninginn, keypt á samningsgengi og selt aftur á markaðsgengi með hagnaði. Í tilfelli söluréttarsamninganna hafði ákærði rétt til að selja á fyrirframákveðnu gengi á lokadegi. Ef virði undirliggjandi eignar á þeim degi var lægra en samningsgengi þá gat ákærði keypt á markaðsgengi, nýtt samninginn og selt á samningsgengi með hagnaði.

Almennt voru einkenni þeirra afleiðusamninga sem ákærði átti við Landsbankann þau að undirliggjandi eign var Icelandair Group hf., samningarnir voru stuttir og líftími þeirra var yfir væntar tilkynningar frá félaginu sem vörðuðu afkomu eða flutningatölur þess. Ef fjárfestar ætluðu á annað borð að nýta afleiðusamninga til að veðja á markaðshreyfingar á þeim tíma sem ákærði gerði sína samninga, var algengt að undirliggjandi eign var Icelandair Group hf. Bæði var mikil velta með hlutabréf félagsins og flökt þess var mikið, sem þýddi að auðveldara var að eiga viðskipti með hlutabréf félagsins og hreyfingar á gengi þess gátu verið miklar. Þrátt fyrir þessa hröðu verðmyndun á íslenskan mælikvarða var oft erfitt fyrir mótaðilana í afleiðusamningum að gera samninga, þar sem þeir þurftu á móti að kaupa eða selja undirliggjandi eign á markaði, eftir eðli samningsins. Þar af leiðandi var framboð þessara samninga oft á tíðum takmarkað, samningstími þeirra stuttur og stærð þeirra háð vilja mótaðila, eða viðkomandi banka, til að taka þátt í viðskiptunum.

IV.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess. Til einföldunar verður í kaflanum aðeins vísað til Icelandair hvort sem átt er við Icelandair ehf. eða Icelandair Group hf. nema ástæða þyki til.

Ákærði Kjartan Jónsson gerði í upphafi m.a. grein fyrir menntun sinni, starfsreynslu og persónulegum högum. Kvað hann starf sitt sem leiðakerfisstjóra Icelandair mestmegnis hafa falist í útreikningum við áætlunargerð fyrir félagið. Sæi hann m.a. um að uppfæra tekjustöðu félagsins hvern sunnudag en við það notaði hann m.a. bókunar- og fargjaldaupplýsingar. Þessum upplýsingum miðlaði hann áfram til helstu stjórnenda, stundum með athugasemdum um stöðuna. Þá tæki hann flutningstölur saman eftir mánaðamót og sendi áfram á tiltekinn hóp. Kvaðst ákærði vera sjálfstæður í sínu starfi en í samstarfi við ráðgjafa og aðra forstöðumenn, svo sem C. Ákærði kvaðst hafa verið skilgreindur sem innherji hjá Icelandair Group hf. og kvaðst gera sér grein fyrir stöðu sinni sem slíkur.

Spurður um tengsl við meðákærða X kvað hann þá hafa verið vini síðan í grunnskóla. Samskipti þeirra væru mismikil eftir tímabilum en á þeim tíma er ákæra tekur til hafi þeir verið í töluverðu sambandi. Kvaðst ákærða vera kunnugt um að meðákærði átti í viðskiptum með fjármálagerninga tengdum hlutabréfum Icelandair.

Spurður um tengsl sín við meðákærða Kjartan Berg Jónsson kvaðst hann hafa kynnst honum lítillega í gegnum meðákærða X en það hafi verið í Belfast í nóvember 2016. Þeir hafi ekki rætt Icelandair sérstaklega en þeir hafi skipst á upplýsingum um hvar þeir störfuðu eins og gengi. Kvaðst ákærði til að mynda vita að hann starfaði hjá lakkrísgerð.

Ákærði lýsti fjárhagslegri stöðu sinni og venjum í fjármálum. Kvaðst hann leggja í vana sinn að eiga reiðufé á heimili sínu, m.a. í erlendum gjaldmiðli. Hefði hann til að mynda komið með japönsk YEN frá Japan en þáverandi kona hans væri japönsk. Á þeim tíma sem gjaldeyrishöft hafi verið hér á landi hafi hann selt Birni Stefánssyni YEN fyrir krónur í febrúar 2016. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa munað eftir þessu í yfirheyrslum á rannsóknarstigi. Þá hefði hann ekki viljað blanda honum í málið.

Spurður um *I. kafla ákæru* kvaðst ákærði ekki muna hvernig aðstæður voru í rekstri Icelandair á þessum tíma. Kvaðst hann hafa tekið þátt í gerð uppgjörs þriðja ársfjórðungs 2015. Lagði ákærði áherslu á að þar væru margir þættir sem kæmu saman. Samvinna við C hefði til að mynda verið mikil og margir komið að þeirri vinnu sem legði grunn að tekjuspánni sem C sæi síðan um að senda út.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa rætt stöðu Icelandair við meðákærða X eða um horfur í rekstri. Hann hafi ekki gefið honum neinar upplýsingar í tengslum við framangreint uppgjör. Ákærði kvaðst ekki muna hvort honum hefði verið kunnugt um skiptasamning meðákærða frá 8. október 2015.

Borin voru undir ákærða tölvupóstssamskipti á milli hans og meðákærða X frá 12.-13. október 2015, sem framsendi á hotmail netfang hans tölvupóst með viðhengi

og efninu „Yfirlit yfir opna afleiðusamninga“ án skýringa. Í svarpósti ákærða segir, „Skil þig. Þá er spurning hvort við höfum þetta eins og við ræddum að ég sé með 25% í áhættunni.“ Sagðist ákærði ætla að að hafa milljón tiltæka eftir mánuð sem dygði langt ef þetta skyldi fara í einhvern mínus. Taldi ákærði það ólíklegt „sem fyrr“ og kvað uppgjörið birt 29. október og gerði hann tillögu um „að gera þennan samning upp strax eftir þá helgi, ca 4. nóv“. Kvaðst hann heyra í honum eða hitta „á eftir/morgun!“. Spurður um efni þessa pósts kvaðst ákærði ekki muna eftir póstinum eða vita um hvað hafi verið rætt. Þetta hafi líkast til verið brandari.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað af kaupréttarsamningi sem meðákærði X hefði gert 14. október 2015. Ákærða voru kynnt ummæli meðákærða í símtali við A, starfsmann Landsbankans, 3. nóvember 2015. Í samtalinu kvað meðákærði von á „svaka“ fnum tölum á föstudeginum sem hann aðspurður af miðlara kvað vera flutningatölur. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt meðákærða neinar slíkar upplýsingar. Hefðu allir vitað að góðar tölur væru á leiðinni á föstudaginn og tilkynningar að vænta. Taldi ákærði líklegt að meðákærði hefði aðeins verið að reyna að ná betri samningi.

Borinn var undir ákærða tölvupóstur hans til B frá 5. nóvember 2015 með efninu „Icelandair-Valuation Q3 15“. Þar sagði ákærði að þeir hefðu ekki rætt þessi mál lengi og ættu að ræða hvað þeir vildu gera næst og lagði til að þeir héldu fund um helgina. Sagði ákærði m.a. í tölvupóstinum „Raunar eitt í þessu með fundinn...Það [hefur] ýmislegt frekar gengið á varðandi þessi hlutabréfamál sem þú hefur örugglega áhuga á að heyra, milljón er ekkert alltaf stóri peningurinn þegar ákveðnir (og dæmdir) félagar mínir koma í spilið!). Later KJ.“ Aðspurður kvaðst ákærði hér ekki vera að vísa til meðákærða X eða þess hagnaðar sem hann hefði haft er hann innleysti samning þennan dag. Kvaðst hann þekkja marga sem hefðu verið dæmdir og kvað hér átt við annan mann sem hann kvaðst ekki nafngreina.

Þá var lagður fyrir ákærða tölvupóstur frá 9. nóvember 2015, þar sem meðákærði X áframsendi ákærða á hotmail netfang hans staðfestingu á viðskiptum með hlutabréf í Icelandair, nánar tiltekið uppgjör skiptasamnings frá 8. nóvember 2015. Þar kemur fram að þann dag myndi bankinn greiða 3.870.614 kr. inn á tiltekinn reikning VIP Travel ehf. Í svarpósti, dagsettum 11. nóvember 2015, spurði ákærði Kjartan meðal annars að því hvort meðákærði hefði klárað samninginn og fengið greitt út á mánudaginn. X svaraði því svo að hann hefði framlengt um mánuð. Sagði hann síðan: „Þá gera þeir upp samninginn og gera nýjan á sama gengi sem var lokað á. Lögðu svo inn hagnaðinn á lokaða reikninginn.“ Kjartan svaraði: „skil þig, ca. eins og við ræddum í síðustu viku.“ Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessum pósti eða geta skýrt efni hans.

Spurður um *II. kafla ákæru* kvaðst ákærði kannast við að hafa aðkomu að vinnu við ársfjórðungsuppgjör fyrir annan ársfjórðung 2016 sem fælist einkum í því að gera upp hvern mánuð í leiðakerfinu. Það væri aðeins „input“ inn í lokavinnu í tengslum við EBITDA Icelandair Group hf. sem hann hefði enga aðkomu að.

Kvaðst ákærði ekki hafa veitt meðákærða X upplýsingar eða ráðgjöf varðandi uppgjör félagsins fyrir annan ársfjórðung 2016. Hann hafi ekki vitað af því að meðákærði hefði gert söluréttarsamning 26. júlí 2016. Voru bornir undir hann valdir kaflar úr samtölum meðákærða við A, verðbréfamiðlara á tímabilinu 25.-27. júlí 2016. Kvað ákærði samtalið sýna að meðákærði hefði verið að reyna að fá „góðan díl“ og að hann hafi verið að „bulla“ í miðlaranum.

Borinn var undir ákærða tölvupóstur með efninu „Kaup ice“ sem fól í sér staðfestingu frá F verðbréfamiðlara um verð við lokun söluréttarsamningsins 28. júlí 2016. Pósturinn var sendur meðákærða og virtist hafa verið framsendur á „kjar“. Upplýsti sækjandi að pósturinn hefði fundist í pósthólfi X. Kvaðst ákærði ekki muna eftir þessu og benti á að alnafni hans væri einnig ákærður í máli þessu. Þá var borinn undir ákærða tölvupóstur frá sama degi þar sem ákærði sendi póst á meðákærða og sagði „væri interesting að sjá hvernig svona samningur lítur út...Man ekki 100% hvernig við ræddum um að dýla þetta en skilningurinn var að ég tæki ¼ eða líklega 500K í risk...? Ef þú tókst meira þá getum við alveg haldið okkur við að ég hafi bara 500K. Við annars förum ekki í lögfræðinga útaf því:) Sjáumst á eftir, KJ.“ Svaraði meðákærði honum kl. 10:48 með þeim orðum að hann hefði talað við nafngreindan mann sem væri ekki til í að taka málið að sér og þeir þyrftu að leysa þetta sjálfir. Lagði hann til að þeir hittust kl. 13:00 stundvíslega. Ákærði kvaðst ekki muna eftir þessum pósti en þætti hann fyndinn og væri líkast til um brandara að ræða, sérstaklega þegar hann væri settur í sambandi við nafngreindan aðila. Þá benti hann á að hann kæmi að fjölda samninga. Þá kvaðst hann ekki muna eftir því að hafa rætt einhvern „díl“ og að hann gæti ekki sagt hvað meðákærði hefði verið að hugsa.

Spurður um *III. kafla ákæru* kvaðst ákærði ekki muna í dag hvaða aðstæður hefðu verið uppi hjá Icelandair á þeim tíma er ákæra tekur til. Hann kvaðst ekki hafa haft vitneskju um kaup meðákærða X á söluréttarsamningi 27. janúar 2017.

Borinn var undir hann tölvupóstur sem ákærði sendi samstarfsmönnum sínum þann 20. janúar 2017 með efninu „Tekjuspáin um helgina“. Aðspurður hvort þær tölur sem fram komi í póstinum hafi verið jákvæðar eða neikvæðar fyrir stöðu og horfur í rekstri félagsins kvað ákærði tölurnar hafa verið óákveðnar á þessum tíma. Kvað hann pósta hafa farið á milli tiltekinna aðila og hann hafi sent tekjustöðuna eins og þar sjáist á meðfylgjandi töflu. C hafi síðan séð um tekjuspána sem kæmi ársfjórðungslega. Í tölvupóstunum væri verið að ræða málin áður en uppfærslan væri send á sunnudegi.

Kannaðist hann við að tölvupóstur sem hann sendi 22. janúar 2017 með efninu „Market status 22 jan“ til tiltekinna stjórnenda Icelandair væri slíkur sunnudagspóstur. Kvaðst ákærði í reynd hafa verið að vinna verkefni fyrir tekjustýringardeildina og vitnið C. Meðfylgjandi athugasemdir væru þó frá ákærða komnar. Hins vegar hefðu tölurnar verið á mikilli hreyfingu og þar með vænt tekjustaða. Aðspurður kvað hann hægt að uppfæra tölurnar daglega þó að vinnulag þeirra hafi verið annað og uppfærslan gerð á sunnudegi. Vonlaust væri að sjá út frá þessu einhverja EBITDA eða í hvaða átt hún væri að fara.

Ákærði var spurður um tölvupóstssamskipti á milli ákærða og C 28.-29. janúar 2017 þar sem athugasemdir fylgja töflu með tekjustöðu eins og að framan er lýst. Kvað hann töfluna ekki hafa sýnt versnandi horfur í rekstri félagsins. Spurður um tölvupóst frá meðákærða X sem sendur var 25. janúar 2017 og innihélt spá Landsbankans um afkomu ýmissa félaga, m.a. Icelandair fyrir fjórða ársfjórðung 2016. Hefði meðákærði verið að skoða Icelandair og átt í einhverjum viðskiptum tengdum félaginu. Hafi ákærða þótt þetta skjal áhugavert því ekki hafi verið til sambærileg samantekt hjá Icelandair en það hefði meðákærði vitað. Kvaðst ákærði ekki geta útskýrt svar hans við sendingunni stuttu síðar sem hafi verið „það þarf greinilega að ræða þessi mál eitthvað...“.

Borin voru undir ákærða farsímasamskipti á milli ákærðu á tímabilinu 19. nóvember 2016 til 19. maí 2017 þar sem sjáist að þeir hafi átt í slíkum samskiptum fyrir og eftir framangreind tölvupóstssamskipti. Hafi símtölin verið nokkuð löng. Kvað ákærði skýringu á því vera þá að hann hefði reykt á þessum tíma og fyrir vikið hafi samtölin orðið lengri því hann hefði átt vanda til að hringja í ákærða í reykingarhléunum til að „drepa tímann“.

Borin voru undir ákærða tölvupóstssamskipti hans við meðákærða X frá 1. febrúar 2017 en þá áframsendi ákærði afkomuviðvörðun Icelandair Group hf. til hans með orðunum: „Úff hef ekkert talað við þig lengi. Gerðirðu eitthvað í þessu annars...slæ á eftir.“ Svar meðákærða var: „Er að gera góða hluti með nýja settinu. Væri gott að hitta þig þegar þú kemur heim í kjallaranum.“ Kvaðst ákærði hafa sent fleirum þessa afkomuviðvörðun enda í miklu „sjokki“. Kvaðst hann hvorki geta skýrt orð sín í tölvupóstinum né svar meðákærða. Hins vegar kvaðst hann hafa farið í golfhermi með ákærða á þessum tíma og væri þetta líklega einhver golfumræða. Þá væri vísað til kjallarans heima hjá meðákærða.

Ákærði X gerði í upphafi m.a. grein fyrir reynslu sinni af viðskiptum og helstu fjárfestingarákvörðunum. Kvaðst ákærði hafa verið eigandi VIP Travel ehf. á þeim tíma er ákæra tekur til utan skamms tíma á árinu 2015 er D hafi farið með eignaraðild.

Taldi hann það aðeins hafa verið í nokkra daga. Kannaðist hann við að hafa tekið fjárhagslegar ákvarðanir fyrir félagið.

Ákærði lýsti því að hann hefði fengið sérstakan áhuga á Icelandair en á þeim tíma hefði fjárhagur hans ekki verið sterkur. Félagið hafi verið góður fjárfestingarkostur fyrir hann á þessum tíma. Þá hafi hann verið læs á þennan markað. Enda hafi þetta verið eina félagið sem hann hafi getað myndað sér skoðun þar sem hann hefði hann verið „í bransanum“. Hafi hann því séð augljósa kosti við afleiðuviðskipti enda þurft að leggja til lítið fé. Hafi fyrstu afleiðuviðskipti hans verið skiptasamningur frá 8. október 2015 en vinur hans hefði bent honum á kosti slíkra viðskipta. Yrði tap af slíkum viðskiptum væri það fyrirsjáanleg fjárhæð en hagnaður gæti líka orðið mikill. Veðjaði hann ýmist á hækkun eða lækkun hlutabréfa í Icelandair. Stundum hafi hann hagnast en önnur skipti tapað. Þá væri hann áhættusækinn að eðlisfari ólíkt meðákærða Kjartani sem forðaðist að taka áhættu. Kvað hann þá vera mjög góða vini og hafa þekkt síðan í grunnskóla. Samskipti þeirra væru mismikil en þeir hittust gjarnan. Aðspurður kvað hann meðákærða hafa verið kunnugt um viðskipti hans í tengslum við Icelandair en hann hefði ekki veitt honum upplýsingar eða ráðlagt honum í þeim efnum. Borin voru undir ákærða gögn sem meðákærði sendi honum með tölvupósti ákærða m.a. með upplýsingum um ferðamenn. Kvaðst ákærði ekki muna eftir þessum sendingum og mundi ekki hvort hann hefði sérstaklega beðið um þau. Kannaðist ákærði þó við að hafa fengið aðstoð meðákærða í tengslum við tiltekin fjárfestingarverkefni.

Spurður um *I. kafla ákæru* kvað ákærði meðákærða Kjartani fyrst hafa verið kunnugt um skiptasamninginn 8. október 2015 eftir að hann innleysti hagnað af honum. Hann hafi ekki búið yfir neinum upplýsingum frá meðákærða.

Borin voru undir ákærða tölvupóstasamskipti á milli ákærðu 12.-13. október 2015. Kvaðst hann ekki muna eftir þessum samskiptum sérstaklega. Hann hafi notað bæði vinnunetfang ákærða og hotmail netfang hans. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið með fleiri opna samninga á þessum tíma en umræddan skiptasamning. Sérstaklega spurður um ummæli meðákærða í tölvupóstinum um 25% áhættu, kvað hann meðákærða vera slíkan einstakling að hann tæki ekki áhættu.

Spurður um kaupréttarsamning frá 14. október 2015 kvaðst hann hafa séð fram á að hann væri að missa af hagnaði og vildi vera með. Hafi sá samningur ekki staðið í neinu samhengi við framangreind samskipti hans við meðákærða.

Ákærði var spurður út í samtali sitt við A, starfsmann Landsbankans, 3. nóvember 2015 og sérstaklega þau ummæli að það væru „að koma, koma svaka, svaka finar tölur á föstudaginn maður“ og að hann hefði svarað játandi spurningu miðlarans um hvort hann ætti við flutningatölur. Kvaðst ákærði hafa vitað að flutningatölur kæmu einu sinni í mánuði og að miðlarinn hefði boðið honum smánarverð fyrir

samninginn. Hafi hann verið að reyna að „tala hann upp“ en í reynd ekki haft neitt fyrir sér í þessu. Á þessum tíma hefðu tölurnar verið fínar og taldi hann að svo yrði áfram. Meðákærði hefði ekki komið nálægt þessum samningi eða notið hagnaðar af honum.

Lögð voru fyrir ákærða tölvupóstssamskipti á milli hans og meðákærða frá 9. og 11. nóvember 2015 þar sem hann sendi ákærða kvittun fyrir uppgjöri skiptasamnings 5. nóvember 2015. Kvaðst ákærði ekki muna eftir þessum samskiptum.

Spurður um *II. kafla ákæru* kvað ákærði að meðákærða Kjartani hefði ekki verið kunnugt um þau viðskipti sem þar um ræðir. Kvaðst hann hafa fengið „hunch“. Þar sem hann hefði haft slæma reynslu af evrópskum samningum hefði hann viljað gera stuttan amerískan samning hjá Ícelandair en þá gæti hann ráðið því hvenær hann lokaði samningnum sem í þessu tilviki var rétt fyrir uppgjör félagsins. Hafi allt andrúmsloft í kringum félagið verið frekar neikvætt og ýmsir hlutir spilað inn í svo sem gott gengi WOW og Brexit.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki muna eftir símtölum sínum við miðlara í aðdraganda þess að samningnum var lokað þar sem m.a. kom fram að hann vildi tvöfalda samninginn. Hann hafi haft „bullandi trú“ á því að þetta væri góður „díll“ enda markaðurinn á hraðri niðurleið og minnti hann að dagana á undan hefðu bréfin verið að lækka.

Ákærði var spurður um tölvupóstssamskipti á milli hans og meðákærða Kjartans 28. júlí 2016 eftir að hann hafði lokað söluréttarsamningum. Kannaðist ákærði við að þetta hefði verið eftir samninginn og hann hefði verið búinn að stæra sig af því að græða á honum. Hins vegar hafi þarna aðeins verið um brandara að ræða á milli þeirra. Fullyrti ákærði enn að meðákærði tæki enga áhættu.

Spurður um *III. kafla ákæru* og tölvupóst frá 25. janúar 2017 sem hann framsendi á meðákærða Kjartan og innihélt spá Landsbankans á afkomu Ícelandair og fleiri félaga, svaraði ákærði því til að meðákærði hefði haft áhuga á upplýsingum sem þessum. Kvaðst hann ekki geta útskýrt svar meðákærða við sendingunni um að það þyrfti „greinilega að ræða þessi mál frekar“. Hafi þeir verið að ræða ýmis mál á þessum tíma. Þá kvaðst ákærði ekki geta skýrt símtöl þeirra á milli þennan dag en kvað ákærða hafa átt það til að hringja í hann í reykingarhléum. Þá hafi þeir oftast rætt um golf. Hann hefði engar upplýsingar fengið frá meðákærða um neikvæða stöðu Ícelandair. Aðspurður kvað hann meðákærða ekki hafa vitað að hann hefði gert söluréttarsamning 27. janúar 2017.

Lagðir voru fyrir ákærða tölvupóstssamskipti á milli hans og meðákærða Kjartans 1. febrúar 2017 með framsendri afkomuviðvörðun fyrir Icelandair. Kvað ákærði líklegt að hann hefði verið í „sæmilegu sjokki“ yfir þessu. Kvaðst hann ekki geta skýrt orðalag meðákærða þegar hann var spurði hvort meðákærði hefði gert „eitthvað í þessu“. Þá hefði ákærði verið að tala um golf í tölvupóstinum en kvaðst þó ekki geta útskýrt efnið frekar.

Spurður um tengsl sín við meðákærða Kjartan Berg, kvað hann þá vini til margra ára. Ákærði kannaðist við að hafa rætt við meðákærða sama dag og hann gerði söluréttarsamninginn og að hann hefði hringt í hann þann dag. Kvað hann hugsanlegt að þeir hefðu rætt samninginn en einnig hafi þeir ákveðið að hittast í hádegismat. Hafi ákærði sagt meðákærða að hann væri að gera „bet“ og leggja á að Icelandair væri að fara að lækka eða halda áfram að lækka. Kvaðst ákærði ekki hafa haft neina trú á því að meðákærði gæti gert samning sem þennan. Hafi meðákærði spurt hvort hann mætti ekki gera svona samning líka. Hafi ákærði ekki ráðlagt honum neitt í þessum efnum. Minnti ákærða að meðákærði hefði tekið mynd af símanum hans en ákærði hefði fengið senda staðfestingu frá Landsbankanum þegar viðskiptin um söluréttinn voru um garð gengin. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa bent meðákærða á „gott bet“ heldur minni hann að hann hafi sagt honum að hann hefði sjálfur gert slíkt „bett“. Hafi meðákærði vitað um viðskipti hans með afleiður.

Ákærði kannaðist við að hafa notað samskiptaforritið Viber og ummæli sín í samtali 30. janúar 2017 við meðákærða Kjartan Berg þar sem hann segir: „Þetta er örugglega söluréttur. Ekki kaupréttur??“ Kvaðst ákærði hafa viljað tryggja það að hann hefði örugglega „lagt á niður“. Aðspurður kvað ákærði líklegt að meðákærði hefði áður tilkynnt honum um að hann hefði gengið frá kaupunum.

Eftir að ákærði hefði tekið ákvörðun um að innleysa samninginn að morgni 1. febrúar 2016 hefði hann hjálpað meðákærða við hið sama því hann hefði haft áhyggjur af því að verðbréfamiðlarinn hans færi illa með hann. Hafi hann því talað við verðbréfamiðlarann í síma. Sennilega hafi meðákærði verið sömu skoðunar og ákærði sjálfur að hann væri „besti hlutabréfakaupari Íslands“ en hann hafði ekki áður óskað eftir svona aðstoð frá ákærða. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa lagt til við hann að innleysa hagnaðinn en hins vegar hefði hann sagt honum að hann hefði gert það sjálfur. Hafi meðákærði einn notið hagnaðar af þessum viðskiptum. Hafi það verið tilviljun að hann og meðákærði Kjartan Berg hafi báðir tekið út 5 milljónir í reiðufé. Þegar bornar voru undir ákærða upplýsingar úr símagögnum kvaðst hann ekki geta sagt til um hvað þeir hefðu rætt skömmu fyrir úttekt sína. Ákærði kvað úttektina hafa verið til að aðstoða [...] við að koma Ö á fót. Einnig hefði hann lánað honum kreditkortid sitt en mundi atvik ekki nákvæmlega. Þá var ákærði spurður út í skuldalista sem ákærði hafði útbúið en á honum sæist hvornig hann hugðist ráðstafa

hagnaðinum af söluréttarsamningnum. Þar sem stæði „Kjarri 2,5 milljónir“ væri átt við meðákærða Kjartan Berg. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að Kjartan Berg hefði ekki skuldað honum. Kvaðst ákærði ekki muna eftir þeim svörum sínum.

Ákærði Kjartan Bergur Jónsson lýsti aðdraganda að gerð söluréttarsamnings þess sem lýst er í ákærukafla III. Kvaðst hann vera vinur meðákærða X. Hefði hann sennilega sagt honum einhvern tímann frá viðskiptum sínum í tengslum við hlutabréf Icelandair. Ákærði kvað meðákærða hafa sagt sér að hann ætlaði að taka „gott bet“. Hafi það sennilega verið þegar þeir hittust í hádeginu en ákærði kvaðst ekki muna hvað rétt hefði verið. Kvaðst ákærði hafa viljað gera eins samning og ákærði og taldi góðar aðstæður til þess og lýsti ákærði því frekar. Taldi hann því líklegt að afkoma Icelandair yrði ekki góð. Minnti hann að hann hefði fengið að taka mynd af síma meðákærða af staðfestingu á eigin viðskiptum með sölurétt. Meðákærði hafi ekki verið viss um að hann gæti gengið frá samningnum sjálfur því hann væri ekki fagfjárfestir en hann hafi látið á það reyna og hafi það gengið eftir. Hafi hann vitað að ef bréfin myndu lækka myndi hann hagnast. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa spurt meðákærða X að því hvaða forsendur hann legði til grundvallar því mati að um góðan samning væri að ræða.

Borin voru undir ákærða samtöl hans við verðbréfamiðlara frá 27. janúar til 1. febrúar 2017. Kannaðist ákærði við að hann hefði sagt við miðlarann í aðdraganda viðskiptanna að hann vildi „tækla þetta hratt og örugglega“. Kvaðst hann hafa verið á leið til útlanda og vildi ganga frá þessu strax. Hefði hann verið búinn að senda miðlaranum upplýsingar um hvernig hann vildi hafa samninginn og vísaði til þess. Ákærði kvaðst aðspurður ekki sérstaklega muna eftir samskiptum við meðákærða X 30. janúar 2017 á Viper en sennilega hafi hann viljað vita hvort hann hefði gert mistök. Kvaðst hann ekki muna eftir frekari samskiptum við hann þennan dag. Ákærði kvað föður sinn hafi lánað honum fyrir samningnum en sennilega hefði hann ekki átt lausa fjármuni á þessum tíma. Hann hafi hins vegar ekki verið eignalaus.

Spurður um símtal á milli ákærða og X 1. febrúar 2017 kvað hann meðákærða væntanlega hafa verið að láta hann vita að hann hefði lokað sínum samningi. Kvaðst ákærði hafa fengið meðákærða til að hjálpa sér við að loka sínum samningi svo allt væri rétt gert og hafi meðákærði rétt við verðbréfamiðlarann. Ákærði kvaðst hafa innleyst hagnaðinn og tekið út 5 milljónir í reiðufé. Hafi hann langað til þess að eiga reiðufé og hafi engin ástæða legið að baki úttektinni. Aðspurður kvað ákærði minna að meðákærði hefði skuldað sér tvær milljónir. Hann hefði borgað honum skuldina skömmu eftir þessi viðskipti með peningum.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki þekkja meðákærða Kjartan Jónsson og hafi ekki vitað að hann starfaði hjá Icelandair. Hefði hann farið í utanlandsferð á árinu 2016 og hitt hann þá en hann væri vinur X.

C kvaðst hafa starfað hjá Icelandair frá árinu 2006 og verið forstöðumaður tekjustýringar. Samstarf hans og ákærða Kjartans hefði verið talsvert en þeir hafi í störfum sínum haft aðgang að sömu upplýsingum. Vitnið lýsti því hvað lægi til grundvallar tekjuspá félagsins og tilgangi hennar. Segði tekjuspáin fyrir um hvernig hlutirnir væru að þróast fram í tímann, bókunarstöðu og verð. Það hefði verið á ábyrgð vitnisins að gefa út tekjuspána sem gæti tekið breytingum fram að því enda í sífelldri endurskoðun. Spiluðu breytingar á markaði þar inni og gæti því verið óvissa um lokastöðu. Tekjuspá væri hins vegar breytt sjaldnar en svokölluð „target“. Upplýsingar væru þó uppfærðar á mismunandi tímum og kostnaðarupplýsingar sjaldnar. Væri í raun um lifandi skjal að ræða sem lá eins og „hraða og hæðarmælir“. Aðspurður kvað hann ákærða sjá um vinnu og greiningu á flutningstölum. Hefði ákærði séð um að senda út svokallaðan „status“ póst á tiltekinn lokaðan hóp hvern sunnudag sem væri greining á stöðunni eftir mat á ákveðnum þáttum. Tekjustatus væri rauntölur dag hvern miðað við þróun og tengdist því tekjuspánni að því leyti.

Vitnið lýsti aðdraganda að afkomuviðvörðun 1. febrúar 2017 og fór yfir efni tölvupósta sem lagðir voru fyrir hann með samskiptum á milli hans og ákærða. Kvað vitnið það hafa verið fyrst upp úr áramótum sem menn hefðu séð breytingar á mörkuðunum en þá haldið að sér höndum og vildu sjá hvernig bókanirnar myndu þróast. Það hafi ekki verið fyrr en mönnum hafi orðið ljóst að markmiðum félagsins yrði ekki náð, að tekin hafi verið ákvörðun um að gefa út afkomuviðvörðun. Fram að því hafi verið unnið stöðugt í því að greina stöðuna og vinna „targetin“ áður en tekjuspáin hefði verið send út. Lagður var fyrir vitnið tölvupóstur frá ákærða til tiltekins hóps með efnið „tekjuspáin um helgina“ frá 20. janúar 2017. Kvað vitnið tölurnar hafa verið niður á við á þessum tímamarki. Spurður um tölvupóst ákærða frá sunnudeginum 22. janúar 2017 með efninu „market status“ kvað vitnið tölur þar sýna verri stöðu. Aðspurður kvað vitnið tekjuspána sem slíka hafa þýðingu fyrir heildarniðurstöðuna, þ.e. EBITDA spá félagsins, en þeirra vinna tengdist einkum tekjuhliðinni. Eftir því sem á leið hafi staðan enn versnað eins og fram komi í tölvupóstum á milli ákærða og vitnisins 28.-30. janúar 2017 með efnið „tekjuspáin“. Þá hafi verið haldinn fundur með svæðisstjórum, að hann minnti í vikunni, til þess að fá upplýsingar frá þeim og framkvæmdastjórafundur hafi verið 30. janúar 2017. Hafi þá verið ljóst að markmiðunum yrði ekki náð. Hafi afkomuviðvörðun verið send út 1. febrúar 2017 en hún hefði verið unnin kvöldið áður. Aðspurður kvað vitnið vikurnar í

janúarmánuði gefa vísbendingar fyrir sumarmánuðina og væru þær fyrstu alvöru vísbendingar um það hvernig allt færi.

J kvaðst hafa rekið Ö ásamt *K*, meðeiganda sínum. Kvað hann verkaskiptingu þeirra hafa verið þá að *K* hefði séð um peningamálin en vitnið matseldina. Hafi þeir ætlað að taka bankalán til þess að standa straum af rekstrinum en það hafi ekki gengið og ákærði *X* því lagt til lánið. Hafi *K* séð um þau samskipti. Borinn var undir vitnið framburður hans hjá lögreglu um að þeir hefðu upphaflega fengið kreditkort lánað og m.a. notað í að standsetja húsnæðið. Hefði hann áætlað að úttekt á kortið hafi verið 4,2-5 milljónir og lægju gögn fyrir í bókhaldi félagsins sem skuld við ákærða *X* og föður hans. Þá hafi hann ekki vitað um nein önnur lán. Kvaðst vitnið telja að rétt væri eftir honum haft. Einnig var borinn undir vitnið framburður hans hjá lögreglu um að sér væri ekki kunnugt um að ákærði *X* hefði lánað fyrirtækinu 5 milljónir króna í reiðufé. Ítrekaði vitnið að hann hefði ekkert verið að „spá í þetta“, sér í lagi vegna þess að um fjölskyldutengsl hefði verið að ræða. Vísaði hann í lögregluskýrslu sína en kvaðst aðspurður telja að það hefði a.m.k. þurft 5 milljónir til að standsetja húsnæðið.

K kvaðst hafa rekið Ö ásamt *J*. Þeir hefðu stofnað fyrirtækið saman í janúar 2016. Hafi eiginkona vitnisins verið skráð fyrir fyrirtækinu til jafns við *J*. Hafi *J* gert fjárhagsáætlun en um 5 milljónir hafi kostað að standsetja húsnæðið. Vitnið hafi þó alfarið séð um fjármál fyrirtækisins en *J* um matseldina. Hafi vitnið fengið lán frá [...] *X* í febrúar 2016 þar sem þeir hefðu ekki fengið bankalán. Hafi hann fengið lánið í reiðufé en ekkert væri til skjalfest um það. Aðspurður kvað hann að *J* hefði verið kunnugt um lánveitinguna en hefði þó ekki verið viðstaddur er peningarnir voru afhentir. Kvaðst vitnið ekki hafa haft bankareikning á þessum tíma. Hefði hann áður en hann fékk lánið fengið kreditkort að láni hjá föður sínum með yfirdráttarheimild en sú skuld, um 200-300.000 krónur, hafi verið greidd með peningunum frá *X*. Kvaðst vitnið ekki muna hvenær hann hefði fengið kortið lánað. Þegar borinn var undir hann framburður vitnisins *J* um fjárhæð úttektar á kreditkortinu kvaðst vitnið ekki muna atvik vel. Taldi vitnið þó til nótur fyrir innkaupunum í bókhaldi félagsins.

E kvaðst vera vinur ákærða *X* til 40 ára. Hafi eiginkona hans verið skráð eigandi félagsins VIP Travel ehf. í skamman tíma en kaup á félaginu hefðu gengið tilbaka. Hafi hún í raun ekki ráðið neinu í félaginu, ekki komið að málum þess eða notið hagnaðar. Aðspurður kvaðst vitnið búa yfir mikilli reynslu á fjármálamarkaðnum og því hafi komið fyrir að ákærði ráðfærði sig við hann. Aðspurður kvaðst vitnið vita að ákærði hefði verslað með bréf í Icelandair og ekki vitað til þess að hann hefði upplýsingar innan úr félaginu. Hafi þeir lánað hvor öðrum fé í gegnum tíðina, m.a. hafi hann lánað ákærða fé til að fjármagna kaup á [...].

A og *F* störfuðu báðir sem verðbréfamiðlarar hjá Landsbankanum á þeim tíma er atvik III. kafla ákæru tekur til. Kvaðust þeir báðir hafa haft samskipti við ákærða

vegna afleiðuviðskipta í tengslum við bréf Icelandair. Kváðu þeir ekkert óvenjulegt hafa verið við þau viðskipti og algengt að slík viðskipti ættu sér stað í kringum uppgjör. Mótaðili stýrði því hins vegar hvort af viðskiptum yrði og þyrfti að taka boði um kaup.

G starfaði sem yfirlögfræðingur og regluvörður hjá Icelandair Group hf. á árunum 2009-2017. Lýsti hann aðdraganda þess að hann ritaði bréf til Fjármálaeftirlitsins dagsett 9. febrúar 2017 með efninu „Tilkynningar Icelandair Group hf. dags. 1. febrúar sl.“. Vitnið kvaðst hafa komið að málum 31. janúar 2017 en þá hafi hann verið upplýstur um breyttar aðstæður í rekstri félagsins. Kvaðst hann ekki geta lýst því sem gerðist í aðdraganda þess af eigin raun. Hafi hann séð um að gera drög að tilkynningunni en í kjölfarið hafi verið haldinn stjórnarfundur til að fara yfir málið. Hefði hann m.a. leitað til ákærða Kjartans við undirbúning bréfsins.

I kvaðst vera [...] X og hafi starfað fyrir hótélkeðju hér í bæ. Hún kvaðst vera í miklum samskiptum við ákærða en þau ræddu gjarnan það sem efst væri á baugi í fréttum um stöðu Icelandair. Kvað hún ekkert hafa bent til þess að ákærði hefði betri upplýsingar en aðrir um félagið.

H kvaðst vera vinur ákærða Kjartans til 20 ára og samgangur talsverður. Hefði hann átt viðskipti við ákærða og keypt af honum japönsk jen og greitt fyrir það 3 milljónir í reiðufé. Hafi viðskiptin átt sér stað í febrúar 2017. Hafi hann komið viðskiptunum í kring fyrir ónefndan aðila sem hefði beðið hann um það um tveimur dögum áður en hann leitaði til ákærða. Minnti vitnið að þessi aðili hefði látið hann fá þrjú milljón króna búnt. Kvaðst vitnið hafa vitað að ákærði átti pening en hann væri „nurlari“.

V.

Niðurstaða

Almennt

Óumdeilt er að ákærði X var eini eigandi VIP Travel ehf. á þeim tíma sem ákæra tekur til að undanskildum stuttu tímabili er eignarhaldið var í höndum annars aðila. Óumdeilt er að ákærði tók frá upphafi ákvarðanir um viðskipti með fjármálagerninga fyrir reikning félagsins. Bar hann ábyrgð samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Verður hann hér eftir aðeins nefndur X þó að viðskiptin hafi verið gerð í nafni VIP Travel ehf.

Einnig er óumdeilt að ákærði Kjartan Jónsson var skráður fruminnherji hjá Icelandair Group hf. en hann var þar starfsmaður til margra ára. Sem forstöðumaður leiðastjórnunarkerfis Icelandair hafði hann aðgang að og bjó yfir viðkvæmum upplýsingum sem ásamt öðru lögðu grunn að afkomuspá yfirstandandi árs hjá Icelandair Group hf. eða EBITDA félagsins sem birt er samhliða ársreikningi

næstliðins árs. Þá vann hann að endurskoðun og uppfærslu upplýsinga um flutningatölur sem nauðsynlegar voru við mat á tekjum í rauntíma og fyrir gerð tekjuspár Icelandair. Félagið vegur þyngst í EBITDA áætlun Icelandair Group hf. enda langstærst níu dótturfélaga þess og leggur til 69% af tekjum og 78% af EBITDA eins og fram kemur í gögnum málsins.

Vafalaust er að ákærði Kjartan uppfyllti efnisleg skilyrði til að teljast fruminnherji, sbr. 1. tölulið 121. tl. laga nr. 108/2007. Var hann í aðstöðu til að veita innherjaupplýsingar sem gátu gefið fjárfesti sem móttæki þær forskot fram yfir aðra fjárfesta. Breytir það engu um eðli upplýsinganna þó að aðrar fjárhagsforsendur hefðu teljanleg áhrif á afkomuspá Icelandair Group hf., svo sem bókanir hótela, áhrif eldsneytis á afkomu o.fl. Kemur það til af miklu vægi flutningatalna í rekstri Icelandair sem höfðu ótvírætt gildi fyrir heildarafkomu Icelandair Group hf. eins og síðar verður vikið að.

Líta ber svo á að um innherjaupplýsingar sé að ræða þegar uppfyllt eru hugtaksskilyrði 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Um er að ræða nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafi verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Nánari skilgreiningu á hugtakinu innherjaupplýsingar er að finna í reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar skal líta svo á að upplýsingar séu nægjanlega tilgreindar ef þær gefa til kynna aðstæður sem eru fyrir hendi eða sem ætla má að verði fyrir hendi eða atburð sem hefur átt sér stað eða sem ætla má að muni eiga sér stað. Þá segir í öðrum málslíð 2. mgr. 2. gr. að upplýsingarnar verði þó að vera nægjanlega nákvæmar til að unnt sé að draga ályktun um möguleg áhrif þeirra aðstæðna eða atburðar á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast. Loks er kveðið svo á um í 3. mgr. 2. gr. að innherjaupplýsingar sem væru líklegar til að hafa marktæk áhrif á verð fjármálagerninga eða afleiddra fjármálagerninga sem þeim tengjast, yrðu þær gerðar opinberar, séu þær upplýsingar sem líkur séu á að upplýstur fjárfestir noti sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

Innherjasvik samkvæmt 123. gr. laga 108/2007 eru samhverft brot og háttsemi sem þar er lýst því refsiverð án tillits til afleiðinga. Úrlausnarefni dómsins er að leggja mat á það hvort fram sé komin sönnun þess að ákærðu hafi vitað eða mátt vita að þeir byggju yfir innherjaupplýsingum en engu að síðar meðhöndlað þær með þeim hætti sem þeim er gefið að sök í ákæru.

Hér á eftir verður fjallað um hvern ákærulið fyrir sig og í framhaldinu komist að niðurstöðu. Í öllum tilvikum var um að ræða viðskipti með afleiður sem eru fjármálagerningar samkvæmt d-lið 1. mgr. 2. gr. og falla undir gildissvið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007. Sakarefni málsins skiptist í þrjá kafla. Ákærukaflar I, II og III-A varða viðskipti ákærða X fyrir reikning VIP Travel ehf. Byggir ákæruvaldið aðallega á því að ákærðu hafi í öllum tilvikum staðið saman að innherjasvikum samkvæmt nánar tilgreindum tölulíðum 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007. Er óumdeilt að ekki voru uppi þau atvik sem vísað er til í seinni hluta 2. tl. 1. mgr. ákvæðisins. Til vara byggir ákæruvaldið á því að ákærði X hafi gerst sekur um eftirfarandi hlutdeild í innherjasvikabrotum ákærða Kjartans. Þá varðar ákærukafla III B viðskipti ákærða Kjartans Bergs Jónssonar í eigin nafni og tengist viðskiptum í ákærukafla III A.

I. kafli ákæru

Samkvæmt þessum kafla byggir ákæruvaldið aðallega á því að ákærði Kjartan hafi stöðu sinnar vegna búið yfir innherjaupplýsingum sem hann lét meðákærða X í té, sem nýtti þær til þess að kaupa og nýta tvær afleiður samkvæmt samningum við Landsbankann á árinu 2015, í nafni VIP Travel ehf., eins og nánar er þar lýst. Báðir hafi þeir með háttsemi sinni gerst sekir um innherjasvik.

Annars vegar er um að ræða upplýsingar um að væntanlegt væri gott uppgjör félagsins fyrir þriðja ársfjórðung 2015, en það var birt 29. október 2015. Hins vegar að flutningatölur félagsins fyrir sama mánuð yrðu góðar, en þær tölur voru birtar 6. nóvember.

Í kaflanum er fjallað um tvenn aðgreind viðskipti, annars vegar með skiptasamning en hins vegar kauprétt. Byggir ákæruvaldið á því að þeir hafi báðir tengst sama innherjasvikabroti af hálfu ákærða Kjartans. Báðir hafi samningarnir haft svipaðan gildistíma og þeir voru í eðli sínu sams konar að því leyti að fela í sér hagnaðarvon af hækkun gengis hlutabréfa Icelandair Group hf. Þá hafi þeim einnig verið lokað og þeir gerðir upp á svipuðum tíma.

Ákærða Kjartani er aðallega gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 2. tölulíð 1. mgr. 123. gr. laga nr. 88/2007. Þar segir að innherja sé óheimilt að láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir.

Ákærða X er aðallega gefið að sök að hafa brotið gegn 1. tölulíð 1. mgr., sbr. tölulíð 2. mgr. 123. gr. laganna. Segir í ákvæðinu að innherja sé óheimilt að afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra búi hann yfir innherjaupplýsingum. Niðurstaða um það hvort ákærði uppfylli

efnisleg skilyrði til þess að teljast annar innherji samkvæmt 3. tl. 121. tl. laga nr. 108/2007 veltur því á úrlausn um fyrrgreint atriði.

Ákærðu neita sök. Kvaðst ákærði Kjartan hvorki hafa látið meðákærða X í té umræddar innherjaupplýsingar, né ráðlagt honum eða hvatt hann á grundvelli þeirra til þess að eiga þau viðskipti sem hér eru til umfjöllunar. Þá kvaðst ákærði X ekki hafa byggt fjárfestingaákvörðanir sínar á upplýsingum eða ráðleggingum frá meðákærða.

Ákærvaldið byggir á því að upplýsingar þær sem hér um ræðir uppfylli öll hugtaksskilyrði 120. gr. laga nr. 108/2007 og reglugerðar nr. 630/2005 og teljist því vera innherjaupplýsingar. Við mat á því hvort upplýsingar um að væntanlegt sé gott uppgjör uppfylli þessi skilyrði, er til þess að líta að í þriðja árshlutauppgjöri Icelandair Group hf. var verið að birta tilgreindar tölur frá tímabilinu 1. júlí 2015 til 30. september 2015, sem áður höfðu ekki verið gerðar opinberar. Eins og ársfjórðungsuppgjör gefur til kynna er verið að gera upp þriggja mánaða tímabil í rekstri félagsins og eru því uppfærðar afkomutölur þess tímabils að birtast fjárfestum í fyrsta skipti opinberlega. Afkomutölur varða beint fjárhag félagsins þar sem árs afkoma leggst við eða dregst frá óráðstöfuðu eigin fé félagsins og getur t.a.m. nýst til að greiða út arð, lækka skuldir eða verður til þess að auka þarf skuldsetningu o.s.frv. Afkomutölur eru mjög líklegar til að hafa áhrif á verð. Algengasta aðferðin við verðlagningu á félagi er að skoða afkomu eða EBITDA þess, ásamt spá um afkomu í framtíðinni. Núvirðing á þessu greiðsluflæði til framtíðar gefur virði félags. Nýjustu uppgjörstölur hvers félags gefa því réttustu mynd af markaðsvirði þess á hverjum tíma. Ef reiknað markaðsvirði er fjarri því verði sem félagið gengur kaupum og sölum á er það augljóslega ákvarðandi fyrir fjárfesti sem brygðist væntanlega við með því að kaupa eða selja hlutabréf félagsins.

Hvað varðar mánaðarlegar flutningstölur þá gefa þær upplýsingar um nýtingu sæta fyrir hvern liðinn mánuð í senn. Hefur sætanýting ótvírætt áhrif á afkomu félagsins og þar af leiðandi eru nýjar tölur líklegar til þess að hafa áhrif á verð en segja má að tölur um sætanýtingu séu hlutmengi í ársfjórðungsuppgjöri. Þrátt fyrir að aðrir þættir kunnir að hafa áhrif á móti góðum tölum um sætanýtingu eru þær mjög mikilvægar í uppgjöri Icelandair Group hf. Það að tölurnar séu birtar mánaðarlega gefur til kynna mikilvægi þeirra en engar aðrar tölur eru birtar reglulega utan ársfjórðungslegar afkomutölur. Hafa því óbirtar upplýsingar um flutningstölur ótvírætt gildi til ákvörðunar fyrir fjárfesti.

Samkvæmt framansögðu er fallist á með ákærvaldinu að þær upplýsingar sem vísað er til í ákæru teljist vera innherjaupplýsingar í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007.

Í málinu liggja fyrir tölvupóstar sem bornir voru undir ákærðu. Í tölvupósti frá 12. október 2015 sendi ákærði X meðákærða Kjartani yfirlit yfir opna afleiðusamninga hjá Landsbankanum sem á þessum tíma var eingöngu skiptasamningur frá 8. október 2015. Af ummælum í póstinum verður ráðið að efnið hafði áður borið á góma í samræðum þeirra en þar segir: „Þá er spurning að við höfum þetta eins og við ræddum um að ég sé með 25% af áhættunni.“. Í tölvupósti 13. október 2015 minnti ákærði Kjartan meðákærða X á uppgjör 29. október og lagði til að gera „samninginn upp ca. 4. nóvember“. Ætlaði hann að hafa fé tiltækt um mánaðamótin „ef þetta skyldi fara í einhvern mínus. Tel það sem fyrr mjög ólíklegt“. Þykir augljóst að þar vísaði ákærði Kjartan til uppgjörs Icelandair fyrir þriðja ársfjórðung 2015 og framangreinds skiptasamnings.

Þann 14. október 2015 keypti ákærði X kaupréttarsamning hjá bankanum en lokadagur hans var 3. nóvember 2015. Þann 20. október 2015 framsendi ákærði Kjartan meðákærða X innanhússpóst sem honum barst frá Icelandair Group hf. með efninu „Birting uppgjörs 3. ársfjórðungs 2015“ með upphafsorðunum, „Þá er þetta staðfest“. Innihélt pósturinn tilkynningu félagsins um dagsetningu uppgjörsins 29. október 2015. Samkvæmt tilkynningakerfi kauphallar, Nasdag OMX á Íslandi, sem er opið öllum, er tilkynnt um uppgjör komandi árs í desember árið á undan. Samkvæmt birtingaráætlun Icelandair frá 29. desember 2014 kemur fram að uppgjör fyrir þriðja ársfjórðung 2015 eigi að vera í 44. viku en sú vika hófst 26. október 2015. Þann 20. október 2015, sama dag og Icelandair Group hf. sendi framangreindan innanhússpóst, var tilkynnt í kauphöll að uppgjórið yrði 29. október 2015.

Þann 26. október 2015 framsendi ákærði meðákærða fréttatilkynningu Icelandair Group þann dag um hækkun á EBITDA afkomuspá fyrir 2015. Segir m.a. í fréttatilkynningunni að ein af helstu ástæðum fyrir betri afkomu en gert hafi verið ráð fyrir, hafi verið hærri farþegatekjur.

Þann 29. október framsendi ákærði honum einnig tölvupóst hans til hóps af stjórnendum með efninu „Ferðamannavöxturinn núna í haust. Og á næsta ári“. Í póstinum voru upplýsingar, tafla með tekjustöðu og hugleiðingar ákærða. Þar segir í lok póstsins: „En sumsé. Munuð sjá svakalegar tölur út árið hjá ferðamálastofu og næsta ár stefnir þess vegna í 20% vöxt. Held þetta sé ekki í umræðunni, en við erum líka þeir sem vitum mest.“

Á lokadegi kaupréttarsamningsins 3. nóvember 2015 ákvað ákærði X að innleysa hagnað af samningnum með því að nýta kauprétt eftir að hafa ítrekað í samtali við verðbréfamiðlara reynt að fá hann til að hækka verð fyrir samninginn en í því sambandi vísaði hann til þess að það væru að koma „svaka, svaka“ finar flutningatölur næsta föstudag sem var 6. nóvember 2015. Um birtingu flutningatalna

er það að segja að þær eru birtar eftir lokun markaða í fyrstu viku hvers mánaðar. Ekki liggur fyrir í fréttakerfi kauphallarinnar hvenær upplýsinga megi vænta í þeirri viku.

Þá liggur fyrir tölvupóstur ákærða Kjartans frá 5. nóvember 2015, á lokadegi skiptasamnings frá 8 október 2015, til ákveðins vinar hans, þar sem vísað er til þess að mikið hafi gengið á varðandi hlutabréfamál og skírskotað til „dæmdra“ félaga ákærða. Telur ákærvaldið ljóst vera að vísað sé til ákærða X sem hlaut refsisdóm 3. nóvember 2015.

Einnig liggja fyrir tölvupóstssamskipti á milli ákærðu frá mánudeginum 9.-11. nóvember 2015 þar sem ákærði X framsendi meðákærða staðfestingu Landsbankans á uppgjöri skiptasamningsins. Í framhaldinu ræddu þeir með hvaða hætti samningurinn hefði verið gerður upp á lokadegi hans og spurði ákærði Kjartan meðákærða í tölvupósti 11. nóvember 2015: „ps. Kláraðirðu bara samninginn og fékkst greiddan út á mánudaginn ef ég skil þetta rétt?“

Framburður ákærðu hefur ekki verið stöðugur um mikilvæg atriði og á köflum í engum tengslum við gögn málsins. Þannig voru ákærðu báðir spurðir á rannsóknarstigi um samgang sín á milli, vitneskju og umræður um viðskipti ákærða X með hluti í Icelandair. Gerðu þeir lítið úr þeim atriðum eða neituðu alfarið. Spurðir um þessi atriði hér fyrir dómi báru þeir nokkuð á annan veg. Til þess er að líta að ekki höfðu öll gögn verið borin undir ákærðu á rannsóknarstigi er þeir nýttu rétt sinn til þess að tjá sig ekki og fengu þeir þau því ekki öll í hendur fyrr en eftir að málið var höfðað. Hér fyrir dómi voru ákærðu m.a. spurðir út í efni tiltekinna tölvupósta. Ákærði X bar fyrir sig að stórum hluta minnisleysi en Kjartan tefldi fram fjarstæðukenndum skýringum á tölvupóstssamskiptum milli hans og meðákærða. Voru þær að mati dómsins einkar ótrúverðugur og engar haldbærar skýringar gefnar á efni þeirra. Þá var áberandi hversu ákærði Kjartan leitaðist við að gera sem minnst úr vægi sínu við útreikninga á tekjum, gerð tekjuspár Icelandair og úr áhrifum þess á heildarafkomu samstæðunnar. Ákærði staðfesti samt sem áður að hann tæki saman vikulega flutningatölur Icelandair, en eins og áður kom fram voru þær mjög mikilvægur hlekkur í að meta tekjur samstæðunnar á hverjum tíma.

Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari hverju sinni hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert það atriði sem varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburður, mats- og skoðunargerðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Þá segir í 2. mgr. ákvæðisins að dómari meti það enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það. Er hér vísað til

svokallaðrar óbeinnar sönnunar. Þá skal dómari samkvæmt 115. gr. laganna meta sönnunargildi framburðar ákærða, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Í því sambandi skal meðal annars hugað að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans.

Dómurinn telur sannað að ákærða Kjartani hafi verið kunnugt um skiptasamninginn sem meðákærði gerði 8. október 2015. Þá er sönnuð samvinna ákærðu og gagnkvæm miðlun upplýsinga er tengdust þeim samningi, m.a. um lúkningu viðskipta og skiptingu áhættu. Telur dómurinn liggja í augum uppi að ákærði Kjartan vænti hagnaðar í samræmi við áhættu sína sem hann vísar til í tölvupósti frá 13. október 2015. Þá liggur fyrir í gögnum og telst sannað að ákærði Kjartan vænti þess að uppgjórið 29. október 2015 yrði hagstætt og viðskiptin kæmu þar af leiðandi mjög ólíklega út í tapi. Ljóst var að til stóð að hann legði til fé ef svo færi að samningurinn myndi fara í mínus. Hvort sem það væri til að leggja fram auknar tryggingar á líftíma samningsins eða að gera hann upp í lok hans þá sýnir þetta fram á aðild ákærða að samningnum. Þá telur dómurinn að leiða megi sterkar líkur að því að ákærði Kjartan hafi miðlað upplýsingum til meðákærða um birtingardag uppgjörins fyrir þriðja ársfjórðung 2015 með tölvupósti sínum 13. október 2015, áður en slíkar upplýsingar voru birtar opinberlega. Þá hélt ákærði meðákærða upplýstum með því að áframsenda tölvupósta frá 26. og 29. október 2015 þar sem afkoma félagsins og innanhússspár Icelandair um ferðamannavöxt var umfjöllunarefni.

Af hálfu ákæruvaldsins var á það bent að ákærði X hefði gert kaupréttarsamninginn í kjölfar samskipta við Kjartan dagana 12.-13. október 2015 og væri því ljóst að sömu upplýsingar og lágu til grundvallar skiptasamningum hafi þá legið fyrir við gerð hans. Á þetta fellst dómurinn. Brot samkvæmt 2. tölulið 123. gr. laga nr. 108/2007 er fullframið er upplýsingar eru láttnar í té. Dómurinn miðar við að brot ákærða Kjartans hafi verið fullframið 13. október 2015 en þá taldi ákærði í tölvupóstssamskiptum sínum við meðákærða Kjartan Georg „sem fyrir“ mjög ólíklegt að viðskiptin „færu í mínus“. Ljóst er að vegna stöðu sinnar hafði ákærði á þessum tíma aðgang að óbirtum upplýsingum Icelandair um tekjur nýliðins ársfjórðungs og upplýsingar um hvenær til stóð að birta þær. Reyndust upplýsingarnar sannarlega góðar. Við framangreint tímamark uppfyllti X efnisleg skilyrði 3. tl. 121. tl. laga nr. 108/2007 og telst vera annar innherji. Telur dómurinn vafalaust í ljósi náninna tengsla á milli hans og ákærða Xs svo og vegna reynslu hans af fjárfestingum, sem hann sjálfur lýsti, að hann hafi vitað hvers eðlis upplýsingarnar voru. Dómurinn telur að það hafi ekki þýðingu við sakarmat X að hann kunni að hafa aflað sér upplýsinga annars staðar frá eða verið læs á markaðinn. Er til þess að líta að með aðgangi að

innherjaupplýsingum frá meðákærða Kjartani hafði hann ótvírætt forskot fram yfir aðra fjárfesta.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Kjartan hafi látið X í té innherjaupplýsingar um að von væri á góðu uppgjöri fyrir þriðja ársfjórðung 2015 fyrir birtingu þess 29. október 2015. Ráðstafaði ákærði samningunum báðum þrátt fyrir að búa yfir upplýsingunum en slíkt var honum óheimilt.

Áður er komist að þeirri niðurstöðu að sönnuð sé samvinna ákærðu m.a. í tengslum við lúkningu viðskipta og skiptingu áhættu í tengslum við skiptasamninginn. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir gögn í málinu sem sanna slíka aðild ákærða Kjartans að kaupréttarsamningnum.

Dómurinn telur einnig ósannað að ákærði Kjartan hafi látið meðákærða X í té innherjaupplýsingar um flutningatölur sem hann hafi í kjölfarið nýtt. Þó leiða megi líkur að því að ákærði X hafi fengið upplýsingar um birtingardag flutningatalna 6. nóvember 2015, áður en þær voru gerðar opinberar, auk þess sem hann staðhæfði í samtali við verðbréfamíðlara 3. nóvember 2015 að von væri á góðum flutningatölum, telur dómurinn það ekki nægilega sönnun framangreinds.

Með vísan til framangreinds eru ákærðu báðir sakfelldir fyrir innherjasvik. Hafa þeir með háttsemi sinni gerst sekir um ásetningsbrot og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða samkvæmt aðalkröfu ákæruvaldsins.

II. kafli ákæru

Ákæruvaldið byggir á því að ákærði Kjartan hafi stöðu sinnar vegna búið yfir innherjaupplýsingum sem hann lét meðákærða X í té, sem nýtti vitneskjuna til þess að kaupa og nýta sölurétt samkvæmt valréttarsamningi við Landsbankann á árinu 2016, í nafni VIP Travel ehf, eins og nánar er lýst í ákæru. Hafi ákærðu með slíkri verkskiptri þátttöku gerst sekir um innherjasvik.

Innherjaupplýsingarnar hafi varðað uppgjör Icelandair Group hf. fyrir annan ársfjórðung 2016 sem birt var 27. júlí 2016 eða degi eftir að ákærði Kjartan Georg keypti ofangreindan söluréttarsamning. Með uppgjörinu var meðal annars tilkynnt um að afkomuspá félagsins fyrir árið 2016 hefði verið lækkuð. Fyrir liggur að hagnaður varð af viðskiptum og voru þau gerð upp 2. ágúst 2016.

Ákærða Kjartani er aðallega gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 2. tölulið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en ákærða X er gefið að sök að hafa brotið gegn 1. tölulið 1. mgr., sbr. 1. tl. 2. mgr. 123. gr. laganna. Ákærðu neita sök á sömu forsendum og lýst var í ákærukafli I.

Við mat á því hvort upplýsingar þær sem hér um ræðir uppfylli öll hugtaksskilyrði 120. gr. laga nr. 108/2007 vísast til þess sem áður er rakið í tengslum við I. kafla ákæru um vægi upplýsinga um ársfjórðungsuppgjör. Samhliða birtingu uppgjörins var tilkynnt um að afkomuspá félagsins fyrir 2016 hefði verið lækkuð. Slík afkomuviðvörðun er birt til dæmis ef rauntölur reynast lægri en áður var spáð fyrir um og í þessu tilfalli var tilefni til þess að lækka EBITDA spá félagsins fyrir 2016 í tilgreinda tölu. Hún hafði ekki verið birt opinberlega er framangreind viðskipti áttu sér stað. Þessar upplýsingar höfðu augljóslega mikil áhrif á virði félagsins en með þeim var verið að færa niður vænta framtíðarafkomu félagsins. Telur dómurinn vafalaust að upplýsingar þær sem hér um ræðir séu innherjaupplýsingar.

Ákærði X kvaðst hafa byggt ákvörðun sína um að gera söluréttarsamninginn 26. júlí 2016 á sterkri tilfinningu um að bréf Icelandair myndu lækka í verði. Ákveðin teikn hafi verið á lofti sem hefðu þegar haft áhrif á markaðinn og vænti hann þess að þeirra áhrifa myndi gæta áfram og í auknum mæli. Hafi hann því ákveðið að gera stuttan samning rétt fyrir uppgjör Icelandair sem var væntanlegt 27. júlí 2016. Beinist sönnun að því hvort ákærði hafi á þessum tíma búið yfir innherjaupplýsingum frá meðákærða og teljist vera annar innherji samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 121. gr. laga nr. 108/2007. Í þessum efnum nægir að innherjaupplýsingarnar, ef sannaðar eru, hafi eingöngu verið til þess að styrkja ákvörðun hans um að afla eða ráðstafa fjármálagerningi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007.

Í málinu liggja fyrir sjö símtöl sem áttu sér stað á milli ákærða X og A verðbréfamíðlara á tímabilinu 25.-27. júlí 2016. Í samtali 25. júlí 2016 ræddu ákærði og verðbréfamíðlarinn um að rólegt væri yfir markaðnum og hafði ákærði X áhuga á uppgjöri Icelandair Group hf. Svaraði verðbréfamíðlarinn að menn biðu spenntir að sjá hvernig það liti út og að á tímabili hafi þeir verið farnir að búast við að félagið myndi „downgrada aftur“. Taldi hann að það yrði ekki svo heldur yrði óbreyttur „guidance“ frá því síðast. Fékk ákærði þau svör hjá verðbréfamíðlaranum að uppgjör félagsins yrði birt miðvikudaginn 27. júlí eftir lokun markaðar. Spurði ákærði hvort hann gæti tekið „einhverja short“ í þessu og kvað verðbréfamíðlarinn það þýða minnst mánaðarsamning. Í framhaldinu ræddu þeir sölurétt og benti verðbréfamíðlarinn á að hann væri ekki ódýr svona fram yfir uppgjör. Þá ræddu þeir markaðinn og hvað þyrfti til þess að koma honum í gang. Velti ákærði fyrir sér hvort það væri ekkert „að fara að kárna yfir þessum markaði“. Nefndi verðbréfamíðlarinn þá að einnig væri von á uppgjöri hjá Marel á miðvikudaginn. Þá þyrfti „solid uppgjör“ til þess að menn færu að fjárfesta. Sagði ákærði þá: „Ég held að það sé ekkert að fara að koma nein góð uppgjör hjá þeim.“ Í samtali 26. júlí 2016 óskaði ákærði eftir tilboði í sölurétt á 2,5 milljón hlutum í Icelandair Group hf. og voru verð sem ákærði var bundinn við

ákveðin þá. Sama dag óskaði hann eftir því að hækka sig upp í 5 milljóna hluta. Eftirfarandi samtöl gengu út á viðskiptin og ítrekaði ákærði beiðni sína um hækkun sama dag og uppgjórið var þann 27. júlí 2016 en fékk synjun. Að endingu var samningnum lokað að morgni 28. júlí 2016 í samtali ákærða við F verðbréfamíðlara sem sendi honum tölvupóst þann dag kl. 10:02 með staðfestingu á kaupunum á 2,5 milljóna hlut á áður ákveðnu verði

Í málinu liggja fyrir tölvupóstar sem voru bornir undir ákærðu. Einn þeirra er framangreindur póstur verðbréfamíðlarans frá 28. júlí 2016 kl. 10:02 til ákærða Kjartans Georgs sem virðist hafa ætlað eða reynt að senda póstinn áfram til „kjar“ kl. 10:40. Í millitíðinni þennan sama dag sendi ákærði Kjartan Georg meðákærða tölvupóst kl. 10:36 og sagði „væri interesting að sjá hvernig svona samningur lítur út...Man ekki 100% hvernig við ræddum um að díla þetta en skilningurinn var að ég tæki ¼ eða líklega 500K í risk...? Ef þú tókst meira þá getum við alveg haldið okkur við að ég hafi bara 500K. Við förum ekki í lögfræðinga útaf því:) Sjáumst á eftir, KJ.“ Ákærði X svaraði honum kl. 10:48 og sagði m.a. að þeir þyrftu að leysa þetta sjálfir.

Eins og áður segir birti Icelandair Group hf. uppgjör félagsins að kvöldi 27. júlí 2016. Fram kom í tilkynningu að afkomuspá hefði verið færð niður fyrir árið vegna þeirrar óvissu sem væri á mörkuðum. Hryðjuverk í Evrópu og niðurstaða atkvæðagreiðslu um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu hafi valdið lækkun meðalfargjalda og skapað óvissu sem gerði rekstrarskilyrði félagsins erfiðari.

Þá liggur fyrir í gögnum yfirlit yfir valréttarsamninga í tengslum við bréf Icelandair Group hf. en samkvæmt því voru gerðir alls tíu slíkir samningar með lokadag í kringum uppgjör félagsins. Þar af var einn söluréttarsamningur en það var samningur ákærða Kjartans Georgs.

Við mat á sönnunargildi framburðar ákærðu er til þess litið að hann hefur ekki verið stöðugur um mikilvæg atriði og á köflum í engum tengslum við gögn málsins. Vísast til þess sem rakið var í I. kafla ákæru hvað þetta varðar um svör þeirra á rannsóknarstigi og fyrir dómi um samgang þeirra á milli, vitneskju og umræður um viðskipti í tengslum við hluti í Icelandair Group hf.

Hér fyrir dómi voru ákærðu m.a. spurðir út í efni tölvupósta sem raktir hafa verið. Bar þeim ekki saman um vitneskju ákærða Kjartans um hagnað af söluréttarsamningnum en ákærði X kvaðst hafa stært sig af honum og það fyrir framangreind tölvupóstsamskipti þeirra 28. júlí 2016. Um seinni hluta þess pósts er laut m.a. að skiptingu áhættu kváðu ákærðu báðir að um brandara væri að ræða en það telur dómurinn fjarstæðukennt og að engu hafandi. Telur dómurinn augljóst að ákærðu

hafi samræmt framburð sinn hvað þær tilteknu skýringar varðar. Dregur það enn frekar úr trúverðugleika framburðar þeirra.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna að ákærða Kjartani hafi verið kunnugt um framangreindan söluréttarsamning fyrir gerð hans eða eftirfarandi ráðstöfun af hálfu X. Fyrir liggur í gögnum að þeir voru í samskiptum 28. júlí 2016 eftir að ákærði X gekk frá lokun sammingsins í viðræðum við verðbréfamiðlara. Telur dómurinn sannað með framburði meðákærða að ákærði Kjartan vísaði til þess sammings í tölvupósti sínum þann dag. Þá telur dómurinn sannað að ákærðu höfðu samráð um skiptingu áhættu vegna viðskiptanna eins og efni tölvupóstsins ber með sér.

Fyrir liggur að söluréttarsamningurinn var stuttur og náði rétt yfir uppgjör auk þess sem ákærði X var áfjáður í að auka við söluréttinn allt fram á þann dag er uppgjör Icelandair Group var birt. Hins vegar liggja ekki fyrir gögn um að ákærði Kjartan hafi látið ákærða X í té innherjaupplýsingar er vörðuðu uppgjör félagsins. Þá verða ekki dregnar ályktanir af fyrrnefndum tölvupóstum eða samtali við verðbréfamiðlara 25. júlí 2016 að slík miðlun upplýsinga hafi átt sér stað fyrir ráðstöfun hans, sbr. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákæruvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag. Þá vísast til 1. og 2. mgr. 109. gr. laganna sem áður er gerð grein fyrir.

Dómurinn telur, með vísan til þess sem áður er rakið svo og fyrirbyggjandi gagna, ósannað að ákærðu hafi staðið saman að innherjasvikum eins og þeim er gefið að sök í ákæru. Þrátt fyrir að fyrir liggji ótrúverðugur framburður ákærðu um ákveðin atriði nægir það ekki eitt og sér til sakfellingar. Skiptir styrkleiki sönnunargagna máli er lagt er heilstætt mat á það hvort sönnun hafi tekist. Hefur ákæruvaldinu ekki tekist að axla þá sönnunarbyrði sem á því hvílir samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum. Ber því að sýkna ákærðu af aðalkröfu ákæruvaldsins.

Ákæruvaldið gerir varakröfu í málinu sem er reist á því að ákærði Kjartan hafi ráðlagt eða hvatt meðákærða X, á grundvelli þeirra innherjaupplýsinga er getur í ákæru, til að eiga fyrrgreind viðskipti. Er X gefin að sök eftirfarandi hlutdeild í framangreindu broti Kjartans.

Með vísan til þess sem áður er rakið í tengslum við aðalkröfu málsins telur dómurinn ósannað að ákærði Kjartan hafi gerst sekur um þann verknað sem honum er hér gefinn að sök. Ekki liggja fyrir gögn sem styðja að hann hafi ráðlagt eða hvatt ákærða X á grundvelli innherjaupplýsinga. Þá verður sú ályktun ekki dregin á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Ber því að sýkna ákærða af varakröfu ákæruvaldsins.

Hvað varðar meinta eftirfarandi hlutdeild ákærða X er skilyrði samkvæmt 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga að hlutdeildarmaður njóti hagnaðar af fullfrömdu broti nr. 19/1940. Í ljósi þess sem áður er rakið er það ósannað. Ber því að sýkna ákærða af varakröfu ákæruvaldsins.

III. kafli ákæru

Ákæruliður A

Ákæruvaldið byggir aðallega á því hér að ákærði Kjartan hafi stöðu sinnar vegna bóúð yfir innherjaupplýsingum sem hann lét meðákærða X í té, sem nýtti vitneskjuna til þess að kaupa og nýta valréttarsamning við Landsbankann á árinu 2017, í nafni VIP Travel ehf., eins og nánar er lýst í ákæru. Hafi ákærðu með slíkri verkskiptri þátttöku gerst sekir um innherjasvik.

Hafi innherjaupplýsingarnar varðað afkomuviðvörun félagsins sem birt var 1. febrúar 2017 eða upplýsingar í henni, en með henni var meðal annars tilkynnt um aukna óvissu varðandi skammtímahorfur félagsins, breytingu á bókunarflæði Icelandair til hins verra og að gert væri ráð fyrir verulegri lækkun á EBITDA félagsins árið 2017.

Ákærða Kjartani er aðallega gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 2. tölulið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en ákærða X er gefið að sök að hafa brotið gegn 1. tölulið 1. mgr., sbr. tölulið 2. mgr. 123. gr. laganna. Ákærðu neita sök á sömu forsendum og lýst var í ákærukafli I.

Við mat á því hvort upplýsingar þær sem hér um ræðir uppfylli öll hugtaksskilyrði 120. gr. laga nr. 108/2007 vísast til þess sem áður er rakið í tengslum við I. og II. kafla ákæru en afkomuviðvörun sú sem hér um ræðir var víðtækari en í II. kafla ákæru. Telur dómurinn vafalaust að upplýsingar sem undirbyggðu afkomuviðvörunina 1. febrúar 2017 séu innherjaupplýsingar en þar voru flutningatölur veigamiklar fyrir niðurstöðuna.

Fyrir liggur í gögnum málsins að eftir miðjan janúar 2017 hafi borið á veikara bókunarflæði Icelandair en gert hafði verið ráð fyrir í ljósi reynslunnar. Hins vegar var til þess litið að bókunarstaða styrktist oft síðari hluta janúarmánaðar vegna árstíðarbundinna tilboða á mörkuðum félagsins og því ákveðið að halda að sér höndum í þriðju viku ársins þegar bókunarflæðið reyndist veikara en reiknað var með. Þegar ekki urðu breytingar vikuna þar á eftir hófst ítarleg greining á stöðu félagsins og ljóst að lækka þyrfti tekjuspá Icelandair talsvert. Varðandi þetta atriði kom fram hjá vitninu C að á þessum tíma hafi verið unnið stöðugt að því að greina stöðuna og að þróun í janúarmánuði skipti sköpum hvað varðaði framhaldið. Þróun bókana hefði til að mynda verið skoðuð í samræmi við áætlanir en slíkt var á meðal verkefna ákærða.

Er þetta í samræmi við framburð vitnisins á rannsóknarstigi þar sem fram kom að þróun bókana hafi verið skoðuð daglega.

Tölvupóstar sem liggja fyrir í málinu frá 20. og 22. janúar 2017 á milli ákærða og annarra starfsmanna félagsins, m.a. vitnisins C, eru til marks um framangreint. Í tölvupósti ákærða frá 22. janúar 2015, sem m.a. hafi verið sendur vitninu, hafi komið fram versnandi ástand en slíkt hefði þýðingu fyrir heildarniðurstöðuna, þ.e. EBITDA spá félagsins. Enn hafði staðan versnað eins og fram komi í tölvupóstum á milli ákærða og vitnisins 28.-30. janúar.

Þá liggja fyrir tölvupóstar frá 28.-30. janúar 2017 á milli ákærða og starfsmanna félagsins þar sem ákærði Kjartan og C voru sammála um mikilvægi þess að tölur sýndu raunhæfa tekjustöðu.

Í fundargerð framkvæmdastjóra 30. janúar 2017, vegna fundar sem ákærði sat, var farið yfir stöðuna eins og hún blasti við á þeirri stundu og var hún metin „mjög alvarleg“ en sumarmánuðirnir höfðu lækkað mikið og var ákveðið að gera aðgerðaráætlun til að bregðast við ástandinu. Var unnið að undirbúningi afkomuviðvörðunar næsta dag og kom vitnið G, regluvörður félagsins, þá að málum.

Telur dómurinn tvímælalaust að ákærði Kjartan Jónsson hafði yfir allan þann feril sem hér hefur verið lýst aðgang að veigamiklum innherjaupplýsingum.

Að morgni 1. febrúar 2017 kl. 9:58 var afkomuviðvörðun Icelandair Group hf. birt í kauphöllinni. Kom þar fram að undanfarið hefði orðið breyting í bókunarflæði Icelandair til hins verra. Bókanir hefðu verið hægari en gert var ráð fyrir og meðalfargjöld á mörkuðum lækkað umfram spár. Þróunina mætti rekja til aukinnar samkeppni en einnig mætti leiða líkur að því að óvissa vegna breytinga í alþjóðastjórn málum hefði áhrif á eftirspurn. Að auki hafi gjaldmiðlar þróast á óhagstæðan máta miðað við fyrra ár, olíuverð hafi hækkað og verkfall í sjávarútvegi hafi neikvæð áhrif á fraktstarfsemi félagsins. Á móti kom að horfur í hótélstarfsemi Icelandair Group væru góðar. Niðurstaða stjórnenda Icelandair Group hf. var að færa EBITDA spá fyrir árið 2017 niður í 140-150 milljónir bandaríkjadollara.

Yfirlit af farsímasamskiptum á milli ákærðu dagana 19. janúar til 1. febrúar 2017 sýnir að nokkuð var um samskipti þeirra á milli þá daga.

Þann 25. janúar 2017 kl. 14:44 sendi ákærði X, eftir 13 mínútna samtal við meðákærða Kjartan fyrr um daginn, spá Landsbankans um afkomu skráðra félaga en í henni var m.a. fjallað um Icelandair Group hf. Þar kemur m.a. fram að flutningatölur á ársfjórðungnum hafi litið ágætlega út og meiri vöxtur í farþegum og gistinóttum en hina fjórðunga ársins. Á móti hafði íslenska krónan styrkst umfram það sem stjórnendur félagsins gerðu ráð fyrir. Niðurstaða hagfræðideildar Landsbankans var sú

að spá fyrir árið 2017 hljóðaði upp á 208,7 milljónir bandaríkjadollara, eða umtalsvert þjartsýnni spá en samkvæmt afkomuviðvörðun félagsins stuttu síðar.

Ákærði Kjartan svaraði tölvupóstinum kl. 15:34 með orðunum: „Það þarf greinilega að ræða þessi mál eitthvað.“. Þá hringdi ákærði X í Kjartan kl. 15:35 eða mínútu eftir framangreindan tölvupóst og ræddu þeir þá saman í um 20 mínútur.

Þann 27. janúar 2017 keypti ákærði X sölurétt í hlutabréf Icelandair Group hf. fyrir 5 milljónir að nafnvirði til tveggja vikna en birta átti uppgjör Icelandair ehf. fyrir fjórða ársfjórðung 7. febrúar 2017.

Að morgni 1. febrúar 2017, kl. 9:07 framsendi ákærði Kjartan meðákærða X póst frá Icelandair Group hf. sem honum barst kl. 8:59, sem innihélt framangreinda afkomuviðvörðun, með orðunum: „Úff hef ekki talað við þig lengi. Gerðir þú eitthvað í þessu annars...slæ á eftir.“ Í svari X kl. 12:10 svaraði hann því til að hann væri að gera góða hluti með „nýja settinu“ og kvað gott að hitta hann er hann kæmi heim.

Fyrir liggur í gögnum málsins að þennan dag á tímabilinu frá kl. 9:35-10:35 var ákærði X annars vegar í samskiptum við verðbréfamiðlara sem hringdi í hann í kjölfar fréttu um afkomuviðvörðun Icelandair og hins vegar í samskiptum við ákærða Kjartan Berg og verðbréfamiðlara hans í tengslum við ákærulið B. Ákærði X lokaði söluréttarsamningnum með því að festa verð fyrir hlutina í símtali við verðbréfamiðlarann kl. 10:15. Umtalsverður hagnaður varð af viðskiptunum sem gengu í gegn samdægurs. Fyrir liggur að ákærði tók út 5 milljónir í reiðufé síðdegis 6. febrúar 2017, sama dag og viðskiptin voru gerð upp. Ekki löngu fyrir það átti ákærði í samskiptum við meðákærða Kjartan í síma.

Við mat á sönnunargildi framburðar ákærðu er til þess litið að hann hefur ekki verið stöðugur um mikilvæg atriði og á köflum í engum tengslum við gögn málsins. Vísast til þess sem rakið var í I. kafla ákæru hvað þetta varðar um svör þeirra á rannsóknarstigi og fyrir dómi um samgang þeirra á milli, vitneskju og umræður um viðskipti í tengslum við hluti í Icelandair.

Hér fyrir dómi leitaðist ákærði Kjartan við að draga úr vægi greiningarvinnu sinnar fyrir heildarafkomu félagsins. Báðir gáfu ákærðu skýringar á samskiptum og tölvupóstum sem dóminum þóttu ekki trúverðugar og á köflum hjákátlegar og samhengislausar. Var ekki annað að heyra en að þeir hefðu samræmt framburð sinn hvað þetta varðar. Eru skýringar þeirra að engu hafandi.

Ekki liggja fyrir gögn í málinu sem sýna að ákærði X hafi sérstaklega upplýst meðákærða Kjartan um söluréttarsamninginn 27. janúar 2017, hvorki er hann var gerður né fyrir lokun hans. Hins vegar liggur fyrir í gögnum málsins að töluverð samskipti voru á milli ákærðu fyrir þann tíma og um það leyti er ákærði Kjartan vann

að greiningu flutningstalna og tiltekinn hópur starfsmanna félagsins vissi að bókonarflæði hafði dregist saman og tekjustaða félagsins fór versnandi umfram áætlanir. Var þetta staðfest af vitninu C eins og áður er lýst. Í þessu ljósi telur dómurinn að skoða verði samskipti á milli ákærðu 25. janúar 2017, þ.e. annars vegar sendingu ákærða X á spá Landsbankans, sem sýndi aðra mynd en þá sem dregin var upp í tengslum við framangreinda greiningarvinnu hjá Icelandair, og hins vegar viðbrögðin í kjölfarið. Í framhaldinu gerði ákærði X fyrrgreindan söluréttarsamning. Orðalagið í pósti ákærða Kjartans til X 1. febrúar 2017 með framsendri afkomuviðvörðun Icelandair þann morgun rennir að mati dómsins styrkum stoðum undir það að ákærðu hafi áður rætt hvert stefndi og fyrirætlanir í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga. Skýrir það jafnframt hvers vegna ákærða Kjartani var umhugað að vita hvort X hefði náð að gera „eitthvað í þessu“. Svo umhugað að hann framsendi meðákærða fyrrgreindan póst Icelandair Group hf. með afkomuviðvörðunni áður en hún var birt opinberlega.

Dómurinn telur framangreint sanna samvinnu ákærðu áður en ákærði gerði söluréttarsamninginn 27. janúar 2017 og að ákærði Kjartan hafi látið X í té innherjaupplýsingar í síðasta lagi 25. janúar 2017. Á hinn bóginn liggja ekki fyrir gögn sem sanna skiptingu áhættu og hagnaðar á milli ákærðu. Telst það því ósannað.

Dómurinn telur það ekki hafa þýðingu við sakarmat þó að ákærði X hafi áður átt í afleiðuviðskiptum í tengslum við bréf Icelandair Group hf. sem sum hver hafi endað með tapi. Þá er því hafnað að það hafi þýðingu í málinu að leysa úr því hvort upplýsingaskylda Icelandair hafi verið virk eða ekki samkvæmt 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði Kjartan hafi látið X í té innherjaupplýsingar um atriði er vörðuðu afkomuviðvörðun Icelandair Group hf. Við það tímamark uppfyllti X efnisleg skilyrði 3. tl. 121. tl. laga nr. 108/2007 og telst annar innherji. Hafa ákærðu með háttsemi sinni báðir gerst sekir um ásetningsbrot og er hún rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákæruliður B

Ákærvaldið byggir á því að í kjölfar þess að ákærði Kjartan hafi látið ákærða X í té innherjaupplýsingar þær sem fjallað er um í ákærulið A hafi sá síðarnefndi, samhliða því að ganga frá eigin viðskiptum, ráðlagt eða hvatt ákærða Kjartan Berg á grundvelli þeirra innherjaupplýsinga til þess að eiga samsvarandi viðskipti með sölurétt, sem hann hafi gert strax í kjölfarið.

Er X gefið að sök að hafa með háttsemi sinni brotið gegn 3. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti en samkvæmt ákvæðinu er innherja óheimilt

að ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerna eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerna. Ákærða Kjartani Bergi er gefið að sök eftirfarandi hlutdeild í innherjasvikabroti meðákærða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 3. mgr. 147. gr., sbr. 4. og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Vísað er til umfjöllunar í ákærulið A um innherjaupplýsingar og til atvika sem þar eru rakin. Eins og verknaðarlýsing ákæru ber með sér eru bein tengsl á milli ákæruliðanna. Telst ákæran nægilega skýr að þessu leyti og vörnum ákærða Kjartans Bergs í engu áfátt af þeim sökum en í málflutningi fann verjandi hans að verknaðarlýsingunni og taldi hana óskýra.

Fyrir liggur samkvæmt yfirliti yfir farsímasamskipti á milli ákærðu X og Kjartans Bergs að þeir áttu samskipti í farsíma fyrir og eftir að X gerði söluréttarsamning sinn 27. janúar 2017. Hér fyrir dómi bar þeim saman um að þeir hefðu hist í hádegismat þann dag þar sem ákærði X greindi Kjartani Bergi frá því að hann hefði gert „gott bet“. Þá bar þeim saman um aðdraganda þess að ákærði Kjartan Bergur gerði eins samning en hann tók skjámynd af síma meðákærða sem sýndi nauðsynlegar upplýsingar um samninginn og framvísaði í viðskiptabanka sínum. Var það til þess að bankinn sendi Fjármálaeftirlitinu ábendingu um viðskiptin eins og rakið var í I. kafla.

Fyrir liggja endurrit af samtölum ákærða Kjartans Bergs við verðbréfamiðlara Arion banka í aðdraganda viðskiptanna. Í samtali síðdegis þann 27. janúar 2017 kvaðst ákærði vera að fara til útlanda daginn eftir og spurði hvernig unnt væri að „tækla þetta hratt og örugglega“. Þann 30. janúar 2017, er ákærði var staddur erlendis, átti hann í samskiptum við verðbréfamiðlarann og lagði áherslu á að fá „bara nákvæmlega eins og, nákvæmlega eins og blaðið þarna sem ég sýndi þér“. Fram kom að ákærði var öruggur með hugtakanotkun en tók fram að hann væri að „veðja á lækku“ á bréfum Icelandair Group hf.

Gögn sýna að ákærði X sendi Kjartani Bergi fyrirspurn á Viper samskiptaforritinu: „Þetta er örugglega solurettur. Ekki kauprettur??“

Þann 30. janúar 2017 gekk ákærði frá kaupum á sölurétti á 5 milljónum hluta í félaginu í samtali við verðbréfamiðlarann en lokadagur samningsins var ákveðinn 10. febrúar 2017. Gekk hann frá greiðslu þóknunar fyrir samninginn með millifærslu en ákærði var þá staddur erlendis. Fyrir liggur í gögnum að um lán var að ræða frá föður hans sem millifærði 3 milljónir króna á reikning hans þennan dag.

Eins og fram er komið birti Icelandair Group hf. afkomuviðvörðun 1. febrúar 2017. Eftir samtali við verðbréfamiðlara sinn kl. 9:35, sem tilkynnti honum að „Icelandair opnar 16% niður“, hringdi ákærði X í Kjartan Berg kl. 9:38. Ákærðu ber

saman um að eftir að ákærði X lokaði söluréttarsamningi sínum hafi þeir hist á heimili hans til að gera slíkt hið sama með samning ákærða Kjartans Bergs. Liggja fyrir endurrit af samtölum við verðbréfamiðlara Arion banka en óumdeilt er að ákærði X var sá sem ræddi við hann og festi verð fyrir söluréttinn kl. 10:32. Umtalsverður hagnaður varð af viðskiptunum og voru þau gerð upp 6. febrúar 2017. Næsta dag tók ákærði Kjartan Bergur út 5 milljónir króna í reiðufé.

Fyrir dómi báru ákærðu á sama veg um aðdraganda og aðkomu X að viðskiptum Kjartans Bergs. Fyrir liggur að um fyrstu afleiðuviðskipti hans var að ræða. Þá báru þeir á sama veg um að ákærði X hefði einungis upplýst Kjartan Berg um að hann hefði gert „gott bet“ sem hann hefði trú á án þess að ræða forsendur þeirrar staðföstu skoðunar hans. Kannaðist ákærði X við að hann hefði verið í samskiptum við ákærða Kjartan Berg til þess að vera viss um að hann hefði örugglega „lagt á niður“. Ákærðu ber saman um að ákærði hafi aðstoðað meðákærða við að loka söluréttarsamningi sínum eftir að hann lokaði sínum eigin. Hafi X talað við verðbréfamiðlarann í síma til að tryggja afgreiðsluna en heyra má af hljóðupptökum að ákærði tók við samtalinu af Kjartani Bergi án þess að kynna sig sérstaklega.

Framburður ákærðu var í meginatriðum á sama veg í skýrslutökum hjá lögreglu. Við mat á sönnunargildi framburðar þeirra ber að líta til nánna tengsla þeirra sem draga eins og hér stendur úr vægi hans

Áður er komist að þeirri niðurstöðu í tengslum við ákærulið A, að ákærði X hafi uppfyllt efnisleg skilyrði 3. tl. 121. tl. laga nr. 108/2007 og taldist vera annar innherji frá þeim tímapunkti er hann bjó yfir innherjaupplýsingum frá meðákærða Kjartani Jónssyni. Sem slíkur var honum óheimilt að koma þeim upplýsingum áleiðis til annars aðila með ráðgjöf eða hvatningu og gildir þá einu hvort hann hafi fullyrt um áhrif þeirra eða möguleg áhrif í tengslum við viðskiptin.

Dómurinn telur, þegar litið er til aðdraganda og umgjardar viðskipta ákærða Kjartans Bergs og stífrar eftirfylgni ákærða X, sannað að hann hafi ráðlagt Kjartani Bergi eða hvatt hann á grundvelli innherjaupplýsinga til að gera söluréttarsamning þann sem um ræðir. Telur dómurinn ótrúverðugt að tildrög þess að ákærði X gerði söluréttarsamning 27. janúar 2017 hafi í engu verið rædd ekki síst þegar litið er til algjörs reynsluleysis ákærða Kjartans Bergs í tengslum við viðskipti með afleiður og þess að hann hafði ekki áður fylgt meðákærða eftir í slíkum viðskiptum. Dómurinn lítur svo á að brotið hafi verið fullframið 27. janúar 2017 en það eitt að heimila ákærða Kjartani að taka skjáskot af upplýsingum um söluréttarsamning sinn fól í sér hvatningu. Hið sama má segja um aðstoð ákærða 1. febrúar 2017 við að loka

söluréttarsamningnum. Verður ákærði X því sakfelldur fyrir innherjasvik og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða.

Eins og áður segir er ákærða Kjartani Bergi gefin að sök eftirfarandi hlutdeild í innherjasvikabroti meðákærða. Byggir ákæruvaldið á því að hlutdeildin felist í þátttöku í afrakstri brots en fyrir liggur að ákærði naut hagnaðar af viðskiptunum.

Verjandi ákærða tók undir sjónarmið sem fram komu í málflutningi verjanda meðákærða X um að háttsemi ákærða sem viðtakanda ráðgjafar hljóti að teljast refsilaus þar sem atbeini hans komi til af rökbundinni nauðsyn. Þessu hafnar dómurinn. Líta ber til þess að innherjasvik samkvæmt 3. tl. 123. gr. laga nr. 108/2007 er samhverft brot og er því refsínæmi verknaðar ekki háð atbeina annars manns. Þá ber að líta til eðlis innherjasvika og verndarhagsmuna laga um verðbréfavíðskipti og þeirrar staðreyndar að aðili getur talist annar innherji komist hann yfir innherjaupplýsingar þó að hann hafi fyrir tilviljun vitað eða mátt vita að um slíkar upplýsingar hafi verið að ræða. Jafnframt er í lögum 108/2007 vísað til 3. mgr. 147. gr. sem kveður á um að tilraun eða hlutdeild í brotum samkvæmt þeim sé refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Til þess er að líta að framburður ákærðu hefur verið á sama veg frá upphafi um að ákærði Kjartan Bergur hafi ekki þekkt forsendur eða aðdraganda víðskipta ákærða X. Dómurinn telur það ótrúverðugt og lítur í því sambandi til náninna tengsla ákærðu, atvika í tengslum við víðskipti ákærða Kjartans Bergs og hversu áfjáður hann var í að ljúka víðskiptunum sem fyrst. Setti hann sig í samband við víðskiptabanka sinn í beinu framhaldi af fundi sínum með ákærða X. Telur dómurinn þá einu skýringu sennilega að hann hafi haft sterkt hugboð um að hann væri ekki að taka áhættu með víðskiptunum og hvers vegna. Skýrir það jafnframt hversu greiðlega gekk að fá lán til víðskiptanna sama dag og hann gekk frá kaupum á söluréttinum en um umtalsverða fjárhæð var að ræða. Þá liggur fyrir að honum var kunnugt um vinatengsl á milli ákærða og Kjartans sem kvað líklegt að hann hefði sagt honum hvar hann starfaði þegar þeir hittust fyrst.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Þegar litið er til sagnæmisskilyrða 147. gr. laga nr. 108/2007 er það niðurstaða dómsins að virða beri háttsemi ákærða honum til gáleysis. Bar honum í ljósi vitneskju sinnar og kringumstæðna allra að gæta þeirrar varkárni sem krefjast má af skynsömum manni í hans aðstæðum.

IV.

Refsíákvörðun

Ákærðu Kjartan Jónsson og X hafa samkvæmt framangreindu verið sakfelldir fyrir innherjasvik og Kjartan Jónsson fyrir eftirfarandi hlutdeild í innherjasvikabroti X.

Ákærði Kjartan Jónsson hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Til þyngingar horfir að um einbeittan ásetning var að ræða og alvarleg trúnaðarbrot en ákærði misnotaði gróflega stöðu sína hjá Icelandair. Þá voru brot ákærða unnin í samvinnu við meðákærða X. Einnig er litið til þess að með brotum sínum braut ákærði gegn hagsmunum viðskiptalífsins. Vísast í þessu sambandi til 1., 2. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera 18 mánaða fangelsi en þegar litið er til eðlis brota og atvika að öðru leyti verður refsingin ekki bundin skilorði.

Ákærði X Jónsson var með dómi Hæstaréttar 15. desember 2016 dæmdur í 18 mánaða fangelsi en þar af voru 15 mánuðir bundnir skilorði í tvö ár. Þá gekkst hann undir sátt á árinu 2013.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að um einbeittan ásetning var að ræða og til þeirra hagsmuna sem í húfi voru sem og fjárhæða er um ræðir. Vísast í þessu sambandi til 1. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga.

Brot ákærða samkvæmt I. kafla ákæru eru hegningarauki við dóm Hæstaréttar en með þeim dómi var refsing ákærða þyngd frá þeirri sem dæmd var í héraðsdómi. Brot ákærða samkvæmt III. kafla ákæru voru á hinn bóginn framin eftir uppkvaðningu Hæstaréttardómsins og rauf hann með þeim skilorð. Ber nú með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að taka skilorðsbundna hluta framangreindrar refsingar upp og dæmda refsingu í einu lagi. Með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera fangelsi í 3 ár og 6 mánuði. Þegar litið er til eðlis brota og atvika að öðru leyti verður refsingin ekki bundin skilorði að hluta.

Ákærði Kjartan Bergur Jónsson hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga eru refsimörk hin sömu og við aðalverknað. Með hliðsjón af atvikum og þess að ekki er um að ræða ásetningsbrot þykir hæfileg refsing vera 4 mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Upptaka

Ákærvaldið krefst upptöku á fjármunum og fasteignum í eigu ákærðu eins og nánar er lýst í ákæru. Verðmætin er upptökukröfurnar beinast að voru haldlögð eða kyrrsett við rannsókn málsins. Ákærvaldið reisir kröfu sína um upptöku á 2. mgr. 147. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og ákvæðum VII. kafla A almennra hegningarlaga, 69. gr. og 69. gr. b-d liðar.

Samkvæmt 2. mgr. 147. gr. laga nr. 108/2007 er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laganna, sem varðar sektum eða fangelsi. Þá segir í 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga að gera megi upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða hluta. Sama gildir um hluti sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að áætla fjárhæðina.

Með lögum nr. 149/2009 um breyting á almennum hegningarlögum var lögfestur nýr heildstæður kafli sem rýmkaði heimildir til upptöku verðmæta vegna alvarlegra brota sem séu til þess fallin að hafa í för með sér verulegan ávinning eða fjárhæðar sem svarar til þeirra í heild eða hluta. Ekki er áskilið að sýnt sé fram á tengsl milli ákveðins brots og þess sem gert er upptækt og gildir öfug sönnunarbyrði haldi ákærði því fram að verðmæti sem upptaka beinist að séu fengin með lögmætum hætti.

Dómurinn fellst á með ákærvaldinu að uppfyllt séu lagaskilyrði fyrir kröfu um upptöku. Ákærvaldið miðar í öllum tilvikum upptökukröfur við brúttóávinning brota og vísar í þessu sambandi til 2. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga sem kveður á um að kostnaður sem tengist framkvæmd brots dragist ekki frá fjárhæð ávinnings. Með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 193/2013 telst sá kostnaður sem féll til í tengslum við gerð valréttarsamninga þá sem ákærði X gerði fyrir hönd VIP Travel ehf. ekki til kostnaðar er tengist framkvæmd brots, en er að ræða kaupþóknun og valréttargjald. Miðar dómurinn því við nettóávinning brota.

Af hálfu Kjartans er því mótmælt að hann hafi notið ávinnings af brotunum og bent á að haldlagðir fjármunir á bankareikningi og á heimili hans séu tilkomnir með lögmætum hætti.

Ákærði hélt því fyrst fram hér við aðalmeðferð málsins að 3 milljónir íslenskra króna sem haldlagðar voru á heimili hans, í þremur búntum í 10.000 króna seðlum sem númeraðir voru í áframahaldandi röð, hafi verið tilkomnar vegna gjaldeyriskaupa vitnisins H. Samkvæmt gögnum málsins munu seðlarnir hafa farið í umferð á árinu 2016. Í skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærði ítrekað hafa átt peningana lengi og að hann hefði gjarnan þann hátt á að hafa talsvert magn af reiðufé á heimilinu. Gaf hann þær skýringar að hann hafi ekki viljað greina frá þessu fyrr af tilliti til vitnisins. Vitnið H staðfesti framburð ákærða um gjaldeyriskaupin. Dómurinn telur hvorki skýringar

ákærða á breyttum framburði né framburð vitnisins trúverðugan og er að engu hafandi.

Ákærði var sakfelldur samkvæmt I. kafla ákæru og talið sannað að hann hafi notið hagnaðar af brotinu í tengslum við skiptasamninginn frá 8. október 2015. Miðar dómurinn við að ákærði hefði notið 25% hagnaðar sem samsvarar þeirri áhættu sem hann tók af viðskiptunum eins og sannað er með fyrirbyggjandi gögnum. Verður því hagnaður hans af brotinu, 967.653 krónur, gerður upptækur. Að öðru leyti er upptökukröfum hafnað.

Samkvæmt gögnum málsins var lagt hald á reiðufé á heimili ákærða [...] 2017 auk þess sem 3.918.000 krónur voru haldlagðar á bankareikningi hans í Arion banka með ákvörðun Héraðssaksóknara 29. maí 2017. Samkvæmt þessu er næg trygging fyrir upptöku framangreindrar fjárhæðar á bankareikningi ákærða.

Af hálfu ákærða X er krafist sýknu af upptökukröfu. X var sakfelldur samkvæmt I. kafla ákæru í tengslum við báða valréttarsamningana. Var skiptasamningurinn gerður upp 9. nóvember 2015 með greiðslu til VIP ehf. (nú Fastrek ehf.) að fjárhæð 3.870.614 krónur. Af þeirri fjárhæð fékk meðákærði Kjartan í sinn hlut 25% eða 967.653 krónur, eins og áður segir. Hagnaður VIP ehf. af samningnum var því 2.902.960 krónur. Kaupréttarsamningurinn var gerður upp 5. nóvember 2015 með greiðslu til VIP ehf. að fjárhæð 4.672.850 krónur. Var ósannað að meðákærði Kjartan hefði notið ávinnings af þeim viðskiptum. Hagnaður ákærða VIP ehf. af brotum samkvæmt I. kafla ákæru nam því 7.575.811 krónum sem gerðar eru upptækar.

Þá var X sakfelldur fyrir brot samkvæmt ákærulið A í III. kafla ákæru. Hagnaður sem VIP ehf. naut af þeim viðskiptum nam 24.920.858 krónum og ber að gera þá fjárhæð upptæka. Var ósannað að meðákærði Kjartan hefði notið ávinnings af þeim viðskiptum.

Samkvæmt framansögðu eru því samtals gerðar upptækar 32.496.669 krónur sem er ávinningur Fastreks ehf. Dómurinn fellst ekki á málsástæðu verjanda um frádrátt fjármagnstekjuskatts af þeirri fjárhæð. Í tilviki lögaðila er ekki lagður á sérstakur fjármagnstekjuskattur heldur gilda um þann skatt sömu reglur og gilda um aðrar rekstrartekjur.

Þann 29. maí 2017 var kyrrsett fasteign Fastreks ehf. að Dyngjuvegi 14 fyrir kröfu að fjárhæð 35.000.000 króna og telst fasteignin því næg trygging fyrir upptöku framangreindrar fjárhæðar.

Ákærði Kjartan Bergur hafnar upptökukröfu í málinu. Ákærði var sakfelldur fyrir brot samkvæmt ákærulið B í III. kafla ákæru. Hagnaður sem hann naut af

viðskiptunum var 20.158.668 krónur. Ber að gera þá fjárhæð upptæka með vísan til þeirra sjónarmiða sem rakin hafa verið.

Þann [...] 2017 voru jafnframt haldlagðar 1.310.000 krónur í reiðufé á heimili ákærða. Þá var þann 29. maí 2017 kyrrsett fasteign ákærða að [...] fyrir kröfu að fjárhæð 24.500.000 krónur. Með samkomulagi frá 9. júlí 2018 var kyrrsett fasteign ákærða að Vatnsstíg 3b fyrir kröfu að fjárhæð 19.000.000 króna en felld niður kyrrsetning í [...] auk þess sem haldlagðar voru 3.000.000 króna til viðbótar við áður haldlagða fjárhæð. Samkvæmt þessu er framangreint reiðufé, samtals 4.310.000 krónur, gert upptækt og einnig hluti af andvirði eignarhluta ákærða í fasteigninni Vatnsstíg 3b.

Sakarkostnaður

Með vísan til 2. ml. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærði Kjartan Jónsson greiða $\frac{2}{3}$ hluta 1.475.000 króna málsvarnarlauna verjanda síns Jónasar Fr. Jónssonar lögmanns á móti $\frac{1}{3}$ hlutum sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærðu X Jónsson og Fastrek ehf. greiði $\frac{3}{4}$ hluta 1.686.400 króna málsvarnarlaun verjanda síns Reimars Snæfells Péturssonar lögmanns á móti $\frac{1}{4}$ hlut sem greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákæru 31.000 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt framlögðu yfirliti. Rétt þykir að ákærðu X og Fastrek ehf. sem er að fullu í eigu ákærða greiði sakarkostnaðinn sameiginlega.

Með vísan til 1. ml. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærði Kjartan Bergur Jónsson greiða verjanda sínum Grími Sigurðarsyni lögmanni 843.200 krónur í málsvarnarlaun. Þá greiði ákærði 31.000 krónur í annan sakarkostnað.

Ekki liggja fyrir tímaskýrslur verjanda en tekið er tillit til vinnu á rannsóknarstigi. Við ákvörðun málsvarnarlauna lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómaramarnir Sigríður Hjaltsted og Lárentsínus Kristjánsson og Hreggviður Ingason fjármálastærðfræðingur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Kjartan Jónsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 967.653 krónum sem er hluti innistæðu á bankareikningi hans í Arion banka hf. á reikningi nr. [...] sem hald var lagt á 29. maí 2017.

Ákærði greiði $\frac{2}{3}$ hluta 1.475.000 króna málsvarnarlauna verjanda síns Jónasar Fr. Jónssonar lögmanns á móti $\frac{1}{3}$ hlut sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði, X, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Ákærði Fastrek ehf. sæti upptöku á 32.496.668 krónum sem er hluti af andvirði eignarhluta félagsins í fasteigninni Dyngjuvegi 14, Reykjavík, fastanúmer 202-0183, sem kyrrsett var þann 29. maí 2017.

Ákærðu X og Fastrek ehf. greiði $\frac{3}{4}$ hluta 1.686.400 króna málsvarnarlauna verjanda síns Reimars Snæfells Péturssonar lögmanns á móti $\frac{1}{4}$ hlut sem greiðist úr ríkissjóði. Þá greiði ákærðu 31.000 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði, Kjartan Bergur Jónsson, sæti fangelsi í 4 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sæti upptöku á 20.158.668 krónum sem er 4.310.000 krónur í reiðufé sem hald var lagt á [...] 2017 og hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Vatnsstíg 3b, Reykjavík, fastanúmer 227-8176, sem kyrrsett var þann 9. júlí 2018.

Ákærði greiði verjanda sínum, Grími Sigurðarsyni lögmanni, 843.200 krónur í málsvarnarlaun og 31.000 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted (sign.)

Lárentsínus Kristjánsson (sign.)

Hreggviður Ingason (sign.)